# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

168. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 19. JÚLÍ 2017





## Börðust eins og ljón

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta hóf þátttöku sína á EM í Hollandi með geysisterkri frammistöðu gegn Frakklandi sem náði að knýja fram sigur eftir afar umdeilanlegan vítaspyrnudóm undir lok leiksins. Næst spila íslensku stelpurnar á laugardag gegn Svisslendingum sem töpuðu fyrir Austurríki í gær með einu marki gegn engu. Sjá síðu 14 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gætu innleyst yfir 800 milljóna hagnað

**Dótturfélag SMT Partners B.V., sem er í áttatíu prósenta eigu Ólafs Ólafssonar, kom með tæplega tvo milljarða króna til landsins í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands í desember 2012. Félagið gæti innleyst yfir 800 milljóna króna gengishagnað síðar á árinu.**

**VIÐSKIPTI** Félag í eigu Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og Hjörleifs Jakobssonar fjárfestis kom með tæplega tvo milljarða króna til landsins í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands í desember 2012.

Miðað við núverandi gengi gæti félagið innleyst um 809 milljónir í gengishagnað, samkvæmt útreikningum Markaðarins, en fjármunirnir verða lausir til ráðstöfunar í lok ársins. Árleg ávöxtun yrði þá 13,7 prósent. Við bætist síðan ávöxtunin af sjálfri fjárfestingunni.

Umrætt félag, Arius ehf., tók þátt í útboði fjárfestingarleiðarinnar í lok árs 2012 og fékk þannig riflega tuttugu prósenta afslátt af krónunum. Voru fjármunirnir einkum nýttir til fjárfestinga í Samskipum og fasteignafélaginu Festingu, samkvæmt upplýsingum sem fengust frá Ólafi.



**Ólafur Ólafsson, aðaleigandi Samskipa.**

Arius er dótturfélag hollenska félagsins SMT Partners B.V. sem er í áttatíu prósenta eigu Ólafs og tuttugu prósenta eigu Hjörleifs.

Fjárfestingarleið Seðlabankans gekk út á að fjárfestar komu með gjaldeyri til landsins og skiptu honum fyrir krónur og fjárfestu hér til lengri tíma. Gulrótin var að þeir fengu um tuttugu prósenta afslátt af krónunum.

Þeir fjárfestar sem komu með evrur í gegnum fjárfestingarleiðina á fyrri helmingi 2012 geta nú innleyst rúma tuttugu milljarða í gengishagnað, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Ávöxtunin nemur fjórtán prósentum á ársgrundvelli.

Til viðbótar við gengishagnaðinn bætist síðan ávöxtun af fjárfestingunni sjálfri, en hún hefur verið afar ríkuleg á undanförnum árum. Þannig gæti fjárfestir sem kom með evrur til landsins í fyrsta útboði fjárfestingarleiðarinnar, í febrúar 2012, og keypti sér fimmtíu milljóna króna fasteign í miðbæ Reykjavíkur nú innleyst tæplega 58 milljóna hagnað. Árleg ávöxtun nemur í því tilviki 38,9 prósentum. – hae, kij / sjá Markaðinn

## Í leyfi vegna rannsóknar FME

**VIÐSKIPTI** Yfirmaður hjá Icelandair hefur verið sendur í leyfi frá störfum vegna rannsóknar Fjármálaeftirlitsins (FME) á meintum brotum á lögum um verðbréfaviðskipti.

Icelandair segist í lok maí hafa fengið upplýsingar um að starfsmaður þess hefði stöðu grunaðs og að hann hafi þá strax farið í leyfi frá störfum þar til rannsókninni lýkur.

Beinist rannsókn FME, samkvæmt heimildum Markaðarins, að viðskiptum með bréf í félaginu í aðdraganda þess að Icelandair sendi frá sér kolsvarta afkomuviðvörun 1. febrúar. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði í kjölfarið um 24 prósent á aðeins einum viðskiptadegi.

– hae / sjá Markaðinn

## Góður húmor er algert skilyrði

**LÍFIÐ** Parið Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba, og Karl Sigurðsson ætla að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst til styrktar vini sínum, leikaranum Stefáni Karli Stefánssyni, sem glímir við krabbamein. Þau hafa stofnað hlaupahópinn Vinir Stefáns Karls. Auk Tobbu og Karls er ljósmyndarinn Íris Ann í hópnum.



„Við erum þrjú í hópnum núna en það eru fleiri að bætast við,“ segir Tobba. „Við höfum bara eina reglu: það þurfa allir að hafa mikinn húmor og hlýtt hjarta.“

– gh/sjá síðu 26

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Svanur Kristjánsson skrifar um ábyrgð forseta. 12

**MENNING** Skólavörðuholt var Skipton Hill, Guðlaugur R. Guðmundsson sagnfræðingur veit allt um þetta. 20

**LÍFIÐ** Fallegir kjólar voru allsráðandi á rauða dreglinum á frumsýningu myndarinnar Valerian and the city of a thousand planets á mánudaginn. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ**
● **FÓLK**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Allhvöss austanátt með rigningu um landið suðaustanvert í dag, en hægari vindur og úrkomulítið norðan og norðvestan til. Hiti 8 til 20 stig. **SJÁ SÍÐU 18**

## Fleiri vilja kjósa aftur um Brexit

**BRETLAND** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Opinium vill 41 prósent Breta kjósa aftur um útgöngu þjóðarinnar úr Evrópusambandinu. Frá því að Bretar kusu að yfirgefa ESB í júní 2016, í svokölluðum Brexit-kosningum, hefur stuðningur við að kjósa aftur aldrei verið meiri. Meirihlutinn vill þó ekki kjósa á ný eða 48 prósent. Tólf prósent aðspurðra sögðust ekki vita hvort þeir vildu kjósa aftur eða ekki. Af þeim sem kusu að vera áfram í Evrópusambandinu í fyrra vildu 69 prósent kjósa á ný en 82 prósent þeirra sem kusu að yfirgefa Evrópusambandið í fyrra vilja ekki nýjar kosningar.

Nýverið hófust Brexit-viðræður milli fulltrúa Bretlands og Evrópusambandsins. **– sg**

## Trump vill hrun Obamacare

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur sagt að ný stefna Repúblikanaflokksins í heilbrigðismálum sé að leyfa núverandi lögum að hrynja.

BBC greinir frá því að Trump hafi sagt við blaðamenn í gær að Repúblikanar muni ekki eigna sér Obamacare, heilbrigðis- og tryggingalöggjöf Baracks Obama, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.

Í gær var ljóst að Trump hefði mistekist að sinni að afnema Obamacare og koma á nýrri löggjöf. Samkvæmt nýju frumvarpi Trumps, sem er mjög óvinsælt, á fjöldi Bandaríkjamanna að missa heilbrigðistryggingu sína. Leiðtogi Demókrata í öldungadeild bandaríska þingsins, Chuck Schumer, hefur sakað Trump um að leika hættulegan leik. **– sg**



**Donald Trump Bandaríkjaforseti.**

## HÚH í rigningunni




**Fámennt en góðmennt var í rigningunni á Ingólfstorgi þar sem leik Íslands við Frakkland var varpað á risaskjá. Stemningin var góð þar til undir lokin að seig á ógæfuhliðina og Frakkar náðu að skora sigurmark sitt. Forseta Íslands brá fyrir meðal áhorfenda á skjánum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Maður sóttur á Fimmvörðuháls

**SAMFÉLAG** Björgunarsveitarmenn sóttu í gær göngumann sem hafði villst á Fimmvörðuhálsi. Mennirnir fundu manninn upp úr klukkan fimm í gær en þeir komust langleiðina að honum á sexhjóli.

Um hálf fjögur voru fjórar björgunarsveitir af Suðurlandi kallaðar út vegna mannsins. Hann náði sambandi við ættingja sína og var orðinn kaldur og hrakinn. Á svæðinu var vont veður, mikil rigning og frekar hvasst. Maðurinn treysti sér ekki til þess að ganga og þurfti því björgunarsveitafólk að aðstoða hann niður.

Maðurinn var mjög þrekaður þegar hann fannst en þurfti ekki frekari aðhlynningu samkvæmt tilkynningu frá Landsbjörg. Honum var komið til móts við björgunarsveitarbíl rétt sunnan við Fimmvörðuhálsskála og var honum ekið til byggða. **– sg**

# Gauti tók húh-ið og hékk með Bjarna Ben

**Sumar skærustu stjörnur íslenskrar tónlistarsenu, Glowie, Salka Sól og Emmsjé Gauti, fylgja stelpunum okkar á Evrópumeistaramótið. Glowie kveðst ekki vera mikil fótboltamanneskja en segir rosalega gaman að vera hluti af EM-hópnum.**

**EM2017** „Maður hefur brotið allar siðferðislegar reglur sem maður hefur sett sér. Ég er búinn að hanga með Bjarna Ben og taka húh-ið. Ég veit ekki hvað er eftir,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti, einn listamannanna sem tróðu upp í Tilburg í Hollandi í gær fyrir viðureign okkar kvenna gegn Frökkum á EM.

Amabadama lék einnig fyrir Íslendinga sem voru á þriðja þúsund er mest var. Sara Pétursdóttir, Glowie, naut sín í sólinni í gær.

„Ég hef aldrei farið á svona stóran fótboltaleik og er ekki mikil fótboltamanneskja. En það er rosalega gaman að vera hluti af þessu, sérstaklega þar sem við erum að styðja stelpuliðið,“ segir Glowie.

Tónlistarmennirnir voru á vegum menntamálaráðuneytisins. Ráðherrann, Kristján Þór Júlíusson, segir þau upprennandi listafólk sem ráðuneytið vilji styðja í tengslum við jafn stóran viðburð og EM sé.

„Við erum hér til að peppa okkur upp, liðið og stuðningsfólkið. Það er frábært að það sé hugsað vel um stelpurnar,“ segir Salka Sól Eyfeld. Hún nefnir að lag sveitarinnar, Hossa hossa, hafi notið óvæntra vinsælda í Hollandi og hlær. Glowie segi mikinn heiður að hafa verið fengin út.

Aðspurð hvort þau eigi von á að verða „uppgötvuð“ á erlendri grundu með því að troða upp á stuðningsmannatorgi á EM hugsa þau málið.

„Ég hef ekki verið að stefna á erlendan markað en endaði til dæmis í Kosice í Slóvakíu út af einni manneskju,“ segir Gauti. Í raun sé það heiður í hvert skipti þegar einhver ákveði að taka frá tíma til að hlusta á hann. „Að ein manneskja mæti til að hlusta á þig er geggjað. Að hugsa sér fólk sem mætir til einhvers í vinnuna til að horfa á hann vinna. Þetta eru forréttindi.“



**Íslensku stuðningsmennirnir voru ánægðir með Glowie.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Glowie er allt annað dæmi, það er korter í að það standi tveir lífverðir á milli okkar.**
>
> Emmsjé Gauti

Glowie skrifaði nýlega undir útgáfusamning í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Glowie er allt annað dæmi, það er korter í að það standi tveir lífverðir á milli okkar,“ segir Gauti sem viðurkennir að umgjörðin hafi komið sér á óvart.

„Ég hélt að það væru 500 Íslendingar hérna, ekki þrjú þúsund manns. Það er yndislegt.“

Ekkert þeirra þriggja fylgist mikið með fótbolta en þau kunna öll að meta stemninguna. „Ég hefði varla gert mér ferð hingað. Það er svo gaman að fá að upplifa svona í gegnum tónlistina,“ segir Salka. Hún gæti vel hugsað sér að fara með fjölskylduna á mót erlendis í framtíðinni.

„Þetta eru kannski fordómar í mér en ég sé fyrir mér þennan týpíska fótboltaaðdáanda sem fertugan gaur með bumbu og bjór og öskrandi. Gaman að sjá fólk á öllum aldri og alls konar stemningu.“

Salka Sól á mágkonu sem á son og dóttur sem æfa bæði fótbolta.

„Hún fór í fyrra með strákinn sinn sem er að æfa fótbolta. Svo á hún líka stelpu sem er að æfa fótbolta og það var „no brainer“ að fara með stelpuna hingað nú þegar þær eru að spila.“ **kolbeinntumi@365.is**




UP!ÍLOFT

Nýr up! frá aðeins
1.790.000 kr.

Við látum framtíðina rætast.

Volkswagen




**Invincible 33" breyting fylgir með**

Hilux er ódrepandi harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

**Hilux Invincible aukahlutapakki:** 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
**Verðmæti: 780.000 kr.**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Ætlar að verða heimsmeistari þrátt fyrir að vera plagaður af MS

**SAMFÉLAG** „Ég geri þetta aldrei aftur. Þetta er alltof erfitt,“ segir Svavar Hreiðarsson, 46 ára hestamaður á Syðra-Garðshorni í Eyjafirði. Svavar berst við MS-sjúkdóminn en ætlar að komast á heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi.

Svavar fær að öllum líkindum ekki fleiri tækifæri í lífinu til að takast á við þennan draum sinn sökum sífellt hrakandi heilsu. Draumur hans er að verða heimsmeistari í skeiði á merinni Heklu frá Akureyri. Hann hefur misst mátt og þrek og er orðinn blindur á öðru auga en þrátt fyrir allt þetta ætlar hann sér stóra hluti í Hollandi.

Vinir hans hafa sett af stað söfnun til þess að hann geti upplifað draum sinn, skeiðkappreið á stærsta sviði hestaíþrótta í gegnum troðfullan leikvang.

„Þetta er alltaf barátta við sjúkdóminn. Núna er þetta erfitt og helvítis puð ef ég á að vera hreinskilinn. Ég er búinn að vera að reyna að safna styrkjum en það gengur erfiðlega. Þess á milli er ég að hreyfa hrossið því það snýst allt um þetta, ég geri ekkert annað,“ segir Svavar.

Hann hefur skilning á þeim fyrirtækjum sem eru háð íslensku krónunni því hann hefur fengið vilyrði frá mörgum sem þurfa að halda fast í hverja krónu.

Svavar þarf sjálfur að útvega fé fyrir stórum hluta þess sem ferðin kostar. Nú ætla vinir hans að létta undir og hafa hafið söfnun á góðgerðarsöfnunarsíðunni www.generosity.com. Hægt er að finna styrkinn með því að leita undir Svabbi. **– bb**



**Svavar á baki Heklu. Vinir hans hafa hafið fjársöfnun til að styrkja hann til þátttöku á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Hollandi.** MYND/BJARNEY ANNA ÞÓRISDÓTTIR

## Ólafur H. Torfason látinn

**ANDLÁT** Ólafur H. Torfason, rithöfundur, fjölmiðlamaður og kvikmyndasérfræðingur, er látinn. Lést hann á mánudag á sjötugasta aldursári.

Ólafur fæddist í Reykjavík þann 27. júlí árið 1947. Hann átti farsælan feril í íslenskum fjölmiðlum og starfaði meðal annars fyrir DV og RÚV auk þess sem hann varð ritstjóri Þjóðviljans árið 1989.

Ólafur greindist með Parkinsonssjúkdóminn árið 2009 og síðar krabbamein og Lewy body heilabilunarsjúkdóm. Dvaldi hann á Droplaugarstöðum síðustu ár ævi sinnar. Útför Ólafs verður gerð frá Kristskirkju, Landakoti, á föstudag klukkan 13. **– þea**



**Ólafur H. Torfason.**

## Banaslys í Hafnarfirði

**SLYS** Banaslys varð í Hafnarfirði á mánudag þegar karlmaður lést eftir að hann féll úr byggingarkrana á vinnusvæði í bænum. Þetta segir í tilkynningu sem lögreglan sendi frá sér í gær.

Lögreglu barst tilkynning um slysið síðdegis á mánudag og héldu lögregla og sjúkraflutningamenn þegar á vettvang og hófu endurlífgunartilraunir. Var maðurinn í kjölfarið fluttur á Landspítalann en þar var hann úrskurðaður látinn.

Í tilkynningu frá lögreglu segir að ekki sé hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu. Lögreglan og Vinnueftirlitið rannsaki nú tildrög slyssins. **– þea**

# Símaforstjóri segir opinbert fé vera misnotað í Gagnaveitunni

**Forstjóri Símans ber Gagnaveituna þungum sökum í bréfi til Orkuveitunnar og skorar á stjórnarmenn að tryggja að starfað sé í samræmi við lög“. Meirihluti stjórnar OR hefur áður hafnað aðfinnslum forstjórans.**



**Starfsmenn Gagnaveitu Reykjavíkur vinna við að leggja ljósleiðara í jörð.** MYND/GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

**FJARSKIPTI** „Síminn telur það með öllu óviðeigandi að Reykjavíkurborg taki sér það vald í gegn um fyrirtæki í sinni eigu að ákveða hvar samkeppni í Reykjavík fái að þrífast og hvar opinber einokun að ríkja,“ segir Orri Hauksson, forstjóri Símans, í bréfi til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Orri hefur áður skrifað stjórnarmönnum Orkuveitunnar bréf og kvartað undan framgöngu Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélags OR, á ljósleiðaramarkaði. Bréf sem hann skrifaði í apríl var í júní tekið fyrir á fundi stjórnar OR þar sem meirihlutinn ákvað að aðhafast ekki eftir að hafa leitað skýringa hjá Gagnaveitunni. Þrír stjórnarmenn sátu hjá.

Orri segir við Fréttablaðið að þótt stjórn Orkuveitunnar telji sig hafa fengið fullnægjandi skýringar frá Gagnaveitunni sé málinu ekki lokið. Það snúist um að Síminn hafi í nokkur ár reynt án árangurs að fá samvinnu við Gagnaveitu Reykjavíkur varðandi samnýtingu innviða, bæði þeirra sem þegar séu til og eins þess sem eftir eigi að framkvæma. Markmiðið sé að fyrirtækin séu ekki í kapphlaupi að grafa allar götur með tilheyrandi sóun á fé og raski fyrir íbúa.

„Það gerðist til dæmis núna í júní að Gagnaveitan var að fara að grafa nokkrar götur í Kópavogi og Míla vildi gjarnan fá að vera með í þeim skurði eins og gerist þegar veitufyrirtæki og verktakar eru að opna jörð á annað borð. En Gagnaveitan hafði ekki áhuga á því og það endaði eftir margra vikna reiptog með að Kópavogsbær sá til þess að Gagnaveitan fékk ekki framkvæmdaleyfi nema að starfa með þeim öðrum sem ætluðu að vinna í sama hverfi,“ segir Orri.



**Orri Hauksson, forstjóri Símans.**

Í nýju bréfi skorar Orri á Orkuveituna að tryggja að Gagnaveitan starfi í samræmi við lög og í þágu samkeppni. Ljóst sé að fyrirtækið starfi í dag í andstöðu við fjarskiptalög, samkeppnislög og evrópskt regluverk. „Opinbert fjármagn hefur verið nýtt með ólögmætum hætti og til þess að réttlæta slíka nýtingu hefur GR gripið til ólögmætra aðgerða til þess að styrkja og tryggja markaðsráðandi stöðu félagsins,“ skrifar forstjóri Símans sem segir Gagnaveituna leggja sig fram um að takmarka samkeppni og reyna að bola keppinautum af markaðnum. „Það eru einkennileg skilaboð til atvinnulífsins að hið opinbera vald, sem Reykjavíkurborg og OR/GR og nágrannasveitarfélögum í stærsta hluta fjarskiptakeðjunnar.“

Fullyrt er í bréfi Símaforstjórans að sá aðgangur að kerfi Gagnaveitunnar sem Síminn hafi óskað eftir sé í fullu samræmi við stefnu bæði íslenska ríkisins og framkvæmdastjórnar ESB um að auka skuli samkeppni í innviðatækni fjarskipta. Orri nefnir sérstaklega sex atriði sem hann segir til marks um að Gagnaveitan leggi sig fram um að takmarka samkeppni. Eitt þeirra sé að Gagnaveitan hafi verið fjármögnuð með ólögmætum hætti og brotið fjarskiptalög. „Síminn telur reyndar augljóst að ólögmæt ríkisaðstoð eigi við í fleiri og alvarlegri tilfellum,“ skrifar Orri Hauksson.

gar@frettabladid.is






VERÐ FRÁ:

**2.750.000** kr.

Eyðsla frá 3,2 l/100 | $CO_2$ losun frá 84 g/km

**MARGVERÐLAUNAÐUR**

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu hinn margverðlaunaða Peugeot 308 og þú munt sannfærast um gæði hans.

## PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar



Kannabis fannst í káetu Thomasar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

## Mikið í burtu á nóttunni

Thomas Möller Olsen er einnig gefið að sök að hafa ætlað að smygla fíkniefnum frá Danmörku til Grænlands, með viðkomu á Íslandi. Hann var mikið í burtu á nóttunni þá daga sem togarinn Polar Nanoq var við bryggju í Kaupmannahöfn. Hann varð jafnframt æstur og ósáttur þegar skipverjum var tilkynnt að þeir ættu að skipta um káetur áður en lagt var af stað frá Kaupmannahöfn.

Þetta kom fram í máli nokkurra skipverja sem báru vitni í gær. Thomas er einnig ákærður fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot. Samtals 23,4 kíló af kannabisefnum fundust í káetu sem hann hafði til umráða. Thomasi er gefið að sök að hafa ætlað að flytja efnin til Grænlands í ágóðaskyni.

Skipverjar sögðu Thomas hafa átt erfitt með að vinna sökum þreytu, en sumir hverjir höfðu séð hann fara út á nóttunni. Þeir sögðust hins vegar ekki vita hversu lengi hann var frá hverju sinni og sögðust sömuleiðis aldrei hafa séð hann koma með neitt um borð. Það hefði þó ekki átt að reynast honum erfitt enda voru allir sofandi.

Þá sagði skipstjórinn, sem og fyrsti stýrimaður, að Thomas hefði orðið afar ósáttur þegar skipta átti um káetur. Það sé stundum gert og að fólk taki almennt ekki illa í það, en að Thomas hefði í þetta skipti orðið mjög æstur og krafist þess að fá að vera áfram í káetu sinni.

Thomas var ekki viðstaddur réttarhöldin í gær en tekin verður af honum skýrsla við aðalmeðferð málsins í ágúst. Hann neitaði hins vegar að hafa flutt fíkniefnin til landsins við þingfestingu málsins í apríl síðastliðnum, þrátt fyrir að hafa játað sök í skýrslutöku lögreglu nokkrum vikum áður.



Kolbrún Benediktsdóttir er saksóknari í máli Thomasar Möller Olsen sem grunaður er um morðið á Birnu Brjánsdóttur. Í bakgrunni má sjá skipverja af Polar Nanoq sem báru vitni í gær. Skipstjóri og stýrimaður greindu frá því að þeir hefðu gefið Thomasi róandi þegar þeir sneru skipinu við. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Viðbrögðin vöktu grunsemdir

**Mál ákæruvaldsins á hendur Thomasi Möller Olsen var tekið fyrir í gær. Sjö skipverjar báru vitni. Aðalmeðferð verður þann 21. ágúst, en þá mun Thomas sjálfur bera vitni í málinu.**

**SAKAMÁL** Viðbrögð Thomasar Möller Olsen, sem grunaður er um morðið á Birnu Brjánsdóttur, við smáskilaboðum sem hann fékk send þegar hann var um borð í togaranum Polar Nanoq, var það sem bar hæst í máli skipverjanna sem báru vitni í máli ákæruvaldsins á hendur Thomasi í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Teknar voru skýrslur af sjö skipverjum í gær.



Skilaboðin sem Thomas fékk voru tvenns konar. Annars vegar fékk Thomas skilaboð frá blaðamanni sem vildi vita hvort hann hefði tekið á leigu rauða Kia Rio bifreið þá um helgina, og hins vegar skilaboð frá kærustu hans sem hafði lesið fréttir um málið og sagði að hann gæti mögulega verið á meðal grunaðra.

Skipverjar sögðu Thomas þá hafa fengið taugaáfall. Hann hafi orðið grá- og fölleitur í framan, orðið taugaóstyrkur, neitað að borða og helst ekki viljað tala við neinn. Þeir sögðu Thomas sjálfan hafa sýnt skipstjóra og fyrsta stýrimanni skilaboðin, en á þeim tíma vissu þeir báðir að hann væri grunaður um eitthvað misjafnt, enda höfðu þeir verið beðnir um að snúa skipinu við.

Skipstjórinn og stýrimaðurinn ákváðu að segja Thomasi að um vélarbilun væri að ræða og slökktu í kjölfarið á internetinu, en sögðu í vitnaleiðslum að Thomasi hefði tekist að leggja saman tvo og tvo. Ástand hans hafi orðið svo slæmt að þeir hafi gefið honum róandi lyf og reynt að hughreysta hann.

### Nóttin örlagaríka

Birnu Brjánsdóttur var ráðinn bani aðfaranótt laugardagsins 14. janúar síðastliðinn. Thomas Möller Olsen hafði farið út að skemmta sér með félaga sínum og kollega, Nikolaj Olsen. Nikolaj var á meðal hinna handteknu í málinu en síðar sleppt úr haldi. Samkvæmt frásögn skipverjanna kom Nikolaj um borð í Polar Nanoq klukkan rúmlega sex laugardagsmorguninn. Þeir sögðu Thomas hafa ekið honum í bátinn, en að Thomas sjálfur hafi ekki komið aftur fyrr en síðar.

> **Hann hafi orðið grá- og fölleitur í framan, orðið taugaóstyrkur og neitað að borða.**

Þegar þeir voru beðnir um að rifja upp morguninn örlagaríka sögðust þeir ekki hafa tekið eftir neinu sem vakti grunsemdir. Nikolaj hafi reyndar verið mjög ölvaður, sem sé nokkuð óvanalegt, enda illa séð að yfirmenn verði drukknir.

Skipverjarnir sögðu Thomas hafa verið eðlilegan framan af. Hann hafi borðað með þeim hádegismat í messanum þennan dag og því næst haldið út í bíl sem hann hafði tekið á leigu, rauða Kia Rio bifreið. Þar hafi hann athafnað sig í einhverja stund, en einn skipverjanna sá hann í aftursætinu, framsætinu og skottinu. Tveir skipverjanna sáu hann svo koma aftur um borð með blautt handklæði. Töldu þeir hann hafa verið að þrífa ælu í bílnum.

Bátsverjarnir báru Thomasi vel söguna. Þeir sögðu hann vingjarnlegan og vinsælan náunga sem væri almennt samviskusamur í vinnu. Aðspurðir sögðu þeir ekkert óeðlilegt hafa verið í fari hans frá brottför úr Hafnarfjarðarhöfn – eða allt þar til skilaboðin bárust. Hann hafi unnið sín störf með prýði.

Thomas Möller var handtekinn þegar sex vopnaðir sérsveitarmenn komu með þyrlu Landhelgisgæslunnar um borð í togarann Polar Nanoq þann 18. janúar, fjórum dögum eftir hvarf Birnu. Kokkurinn á togaranum sagði í vitnaleiðslum að Thomas hefði heyrt í þyrluspöðunum og sagt: „Heldurðu að þeir séu að koma til að sækja mig?“ Hann hefur haldið fram sakleysi sínu í málinu, en hann mun gefa skýrslu við aðalmeðferð málsins 21. ágúst.


Nilfisk

**NILFISK** HÁÞRÝSTIDÆLUR
VINNA VERKIÐ Á METHRAÐA



Nilfisk háþrýstidælur eru til í ýmsum stærðum og styrkleikum jafnt fyrir heimili sem til iðnaðar- og fyrirtækjanota. Með öflugri háþrýstidælu vinnur þú verk á svipstundu sem annars tæki mun lengri tíma.

olís

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 172184

Nilfisk fæst í verslun Rekstrarlands, Vatnagörðum 10 og hjá útibúum Olís um land allt.







**20%**
**SUMAR-**
**TILBOÐ**










# HLJÓMFAGURT

## HVAR SEM ÞÚ ERT

B&O PLAY

Þú kaupir BeoPlay bluetooth hátalara og færð 20% afslátt af Bang & Olufsen heyrnartólum.

Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Rekjavík - Sími 530 2800

# Notuðu ekki ryðfrítt og því brást lokan

**Áætla má að tæplega ein milljón rúmmetra af skólpi hafi farið í sjóinn vegna bilunarinnar í Faxaskjóli. Bilunin orsakaðist vegna þess að smiðjan sem gerði við neyðarlokuna árið 2014 notaði ekki ryðfrítt stál. Þarf að skoða svipaðan búnað við Hörpu og mun óhreinsað skólp því leka þar út.**

**SAMFÉLAG** Orsök á vandræðagangi neyðarloku Veitna við Faxaskjól má rekja til þess að legur í opnunarbúnaði voru ekki úr ryðfríu stáli og voru því hjól, öxlar og legur ónýtar og tærðar í burtu.

Skipt var um opnunarbúnaðinn árið 2014. Skipt var um svipaðan búnað í dælustöð sem er við Hörpu og er full ástæða til að taka hana upp í ljósi atburða síðustu mánaða. Mun því óhreinsað skólp leka út um neyðarúthlaup milli Hörpu og Sólfarsins þegar það verður gert.

Þetta kemur fram í minnisblaði Ingu Dóru Hrólfsdóttur, framkvæmdastjóra Veitna, til stjórnar Orkuveitunnar sem óskaði eftir svörum við spurningum um orsök og afleiðingar bilunar í dælustöð fráveitu við Faxaskjól.

Starfsmenn Veitna höfðu veitt því athygli að mikill sjór barst inn í dælustöðina. Við skoðun kom ryðið í ljós. Smiðjan sem smíðaði lokuna sérsmíðaði öxla og hjól og tók það tvo daga. Strax varð ljóst að lokan var ekki nógu þétt og sjór streymdi enn inn í stöðina. Bráðabirgðabúnaði var komið fyrir þannig að í neyðartilfellum myndi lúgan opnast. Þannig var komið í veg fyrir hættuna á því að skólp flæddi inn til viðskiptavina.

Áætla má að tæplega ein milljón rúmmetra af skólpi hafi farið í sjóinn vegna bilunarinnar í Faxaskjóli. Fyrir uppsetningu núverandi kerfis á skólplosun árið 1992 má gera ráð fyrir að um 60 milljónir rúmmetra af skólpi hafi flætt óhreinsaðir í sjó árlega við strendur höfuðborgarsvæðisins. Mörg sveitarfélög í landinu eru ekki með neina skólphreinsun þannig að skólp flæðir óhreinsað í sjó, ár eða vötn allan ársins hring.

Ein helsta ástæða fyrir neyðarlosun er að ekki flæði upp í kerfin til notenda, þegar dælustöðvar eru ekki í gangi eða hafa ekki undan því skólpi sem að þeim berst. Saurkólígerlar fjölga sér lítið eða ekki í vatni og líftími þeirra er almennt talinn mjög stuttur. Talið er að 90 prósent gerlanna séu nú þegar dauð. Búist var við að viðgerð á neyðarlúgunni í Faxaskjóli myndi ljúka á seint í gærkvöldi gengi allt eftir.

benediktboas@365.is



**Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvað það tekur langan tíma fyrir mengunina að hverfa úr flæðarmálinu. Þegar talað er um mengun frá skólpi er oftast rætt um saurkólígerla, því þeir eru vísbending um skólpmengun. Saurkólígerlar fjölga sér lítið eða ekki í vatni og líftími þeirra er almennt talinn mjög stuttur, sérstaklega þegar sólarljóss nýtur við.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> „Vona að þetta dót virki og að við hættum að svína út fjöruna.“

Í minnisblaðinu kemur fram að Veitur hefðu mátt átta sig á því að upplýsingar um losun á óhreinsuðu skólpi um neyðarlúgu í Faxaskjóli ættu erindi til almennings. Tímar hafi breyst og fólk nýti sjóinn meira til útivistar. Mikil reiði braust út þegar ljóst var að um 750 sekúndulítrar af skólpi runnu óhindrað til sjávar. Í minnisblaðinu eru tekin saman samskipti milli Veitna, Orkuveitu Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna málsins. Ekki var unnið um helgar að viðgerð. Í tölvupósti frá Veitum, þann 5. júlí, kemur fram að neyðarlúgan eigi að fara niður og verði prófuð sama dag og aftur daginn eftir. „ Nú verður að krossa putta og vona að þetta dót virki og að við hættum að svína út fjöruna,“ segir í tölvupóstinum. Svava Svanborg Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi svarar fyrir eftirlitið. „Takk fyrir þetta. Þetta ætlar að ganga illa að ná þessu í lag.“ RÚV greindi svo fyrst fjölmiðla frá í tíu fréttum sínum sama kvöld



# Var ekki tilbúin að stimpla sig út strax

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tekur í vikunni við starfi framkvæmdastjóra Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE, fyrst Íslendinga. Stofnunin sér meðal annars um kosningaeftirlit og berst gegn hatursglæpum. Ingibjörg Sólrún var ekki tilbúin að setjast í helgan stein.**



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur búið og starfað í Tyrklandi síðustu tvö og hálft ár en flytur til Varsjár í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**UTANRÍKISMÁL** „Þetta leggst vel í mig þetta er spennandi þetta verður ekki auðvelt, en það er eins og það er," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fastaráð Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, samþykkti í gær með formlegum hætti skipan hennar sem næsta framkvæmdastjóra Lýðræðis- og mannréttindastofnunar ÖSE, ODIHR, sem hefur aðsetur í Varsjá. Skipunin er til þriggja ára og tekur Ingibjörg Sólrún til starfa undir lok vikunnar. Hún er fyrst Íslendinga til að vera skipuð í þessa stöðu.

Hún fer í dag til Varsjár og mun dvelja þar í viku til að taka stöðuna. „Ég geri svo ekki ráð fyrir því að ég fari alfarið fyrr en í lok ágúst," segir Ingibjörg Sólrún. Hún hefur verið í Tyrklandi síðustu tvö og hálft ár þar sem hún hefur sinnt stöðu umdæmisstjóra UN Women í Evrópu og Mið-Asíu með aðsetur í Istanbúl. Þar áður var hún búsett í Kabúl í Afganistan í tvö ár þar sem hún sinnti starfi yfirmanns UN Women í Afganistan.

Ingibjörg Sólrún hélt utan eftir langan feril í stjórnmálum, hún var síðast utanríkisráðherra frá 2007 til ársins 2009 og jafnframt formaður Samfylkingarinnar frá 2005 til 2009.

„Ég var ekki alveg tilbúin að stimpla mig út þannig að ég var svo sem aðeins á útkikki að sjá hvar væri mögulega hægt að bera niður. Þessa staða kom þannig til að það var utanríkisráðuneytið sem hafði samband við mig og vissi að það væri verið að leita að fólki í þetta og taldi að ég hefði þann bakgrunn og reynslu sem myndi koma sterklega til álita þegar farið væri að ráða í stöðuna. Ég ákvað að láta til leiðast," segir Ingibjörg Sólrún.

Hún atti kappi við frambjóðendur frá Svíþjóð og Serbíu. Skipun hennar er hluti skipunar í fjórar æðstu stöður ÖSE, þar með talið í framkvæmdastjórastöðu stofnunarinnar en samkomulag náðist á óformlegum utanríkisráðherrafundi ÖSE í síðustu viku. Samstöðu 57 aðildarríkja ÖSE þurfti til að hljóta stöðuna.

„Þetta er búið að vera langt ferli. Þetta er búið að vera líklega frá því í mars. Þetta eru auðvitað 57 aðildarríki sem þurfa að koma sér saman um fjórar stöður sem voru undir og það þurfti að horfa til ýmissa þátta," segir Ingibjörg Sólrún.

ODIHR er stærsta undirstofnun ÖSE með um 150 manna starfslið en á meðal helstu verkefna hennar er kosningaeftirlit í aðildarríkjum ÖSE,

> **ODIHR stendur vörð um lýðræði og mannréttindi og er eitt mikilvægasta tækið sem ríki Evrópu, Mið-Asíu og Norður-Ameríku eiga til þess.**

úttektir á lagasetningu, verkefni og þjálfun á sviði mannréttinda, jafnréttis, lýðræðislegra stjórnarhátta og baráttunnar gegn hatursglæpum.

„ODIHR stendur vörð um lýðræði og mannréttindi og er eitt mikilvægasta tækið sem ríki Evrópu, Mið-Asíu og Norður-Ameríku eiga til þess. Það sem flestir þekkja stofnunina fyrir er kosningaeftirlitið. Á síðasta ári fór stofnunin fimmtán sinnum í kosningaeftirlit hjá aðildarríki. Það er verið að aðstoða aðildarríki við að þróa lýðræðislega stjórnarhætti almennt," segir Ingibjörg Sólrún.

„Síðan er annað mál sem er sífellt meira á döfinni sem er hatursorðræða og hatursglæpir gegn ýmsum hópum sem þessi stofnun er að vinna gegn með aðildarríkjunum. Hatursorðræða hefur aukist með auknum fjölda innflytjenda og flóttamanna og uppgangi öfgahægristefnu. Þetta er málaflokkur sem mun sjálfsagt vera mikið á mínu borði," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. saeunn@frettabladid.is



## Hundruðum misþyrmt

**ÞÝSKALAND** Að minnsta kosti 547 drengir í Regensburger Domspatzer, kór dómkirkjunnar í Regensburg í Þýskalandi, voru beittir ofbeldi af hálfu kirkjunnar á sextíu ára tímabili. Liggja 49 meðlimir kaþólsku kirkjunnar undir grun í málinu en ofbeldið á að hafa átt sér stað frá 1945 og allt fram á tíunda áratuginn.

Frá þessu greindi BBC í gær og vísaði í skýrslu Ulrichs Weber lögfræðings sem fer með rannsókn málsins.

Er talið að rúmlega 500 drengir hafi verið beittir líkamlegu ofbeldi og 67 kynferðislegu ofbeldi á umræddu tímabili.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem skýrsla er gerð um málin en í fyrra var því haldið fram að 231 kórdrengur hefði verið beittur ofbeldi.

Kórstjóri á árunum 1964 til 1994 var Georg Ratzinger, bróðir Benedikts sextánda páfa sem áður bar nafnið Joseph Ratzinger. Sagði Weber að hægt væri að áfellast Georg Ratzinger fyrir að aðhafast ekki í málinu. Sjálfur hefur Ratzinger sagst ekki hafa vitað af ofbeldinu. – þea




# Duterte vill meiri tíma til að berjast við ISIS

**Forseti Filippseyja vill framlengja gildistíma herlaga á eyjunni Mindanao. Hryðjuverkasamtök, hliðholl Íslamska ríkinu, hafa kljáðst við Filippseyinga í borginni Marawi. Framlenging sé nauðsyn svo herinn hafi ekki áhyggjur af tíma.**

**FILIPPSEYJAR** Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, bað þing ríkisins í gær um að framlengja gildistíma herlaga á eyjunni Mindanao. Vill forsetinn að það sé gert svo að her ríkisins hafi nægan tíma til þess að útrýma hersveitum hryðjuverkasamtakanna ISIS sem hafa hreiðrað um sig í borginni Marawi.

„Helsti tilgangur framlengingarinnar væri að leyfa hermönnum okkar að halda áfram aðgerðum sínum án þess að þeir þurfi að hafa áhyggjur af því að þeir séu að falla á tíma. Þannig myndu þeir geta einbeitt sér alfarið að frelsun Marawi og endurbyggingu borgarinnar,“ sagði Ernesto Abella, talsmaður forsetans, er hann las bréf forsetans fyrir þingmenn.

Stríðsástand hefur ríkt í Marawi í nærri tvo mánuði eða allt frá því að liðsmenn hryðjuverkasamtakanna Maute, er hafa svarið ISIS hollustu og hafa áður barist við filippseyska herinn, hófu skothríð á lögreglu í hverfinu Basak Malutlut í Marawi aðfaranótt 23. maí síðastliðins. Greindu þarlendir fjölmiðlar frá því að vígamennirnir hafi tekið filippseyska fánann niður af Amai Pakpak-sjúkrahúsinu og skipt honum út fyrir svartan og hvítan fána Íslamska ríkisins.

Reuters greinir frá því að síðan þá hafi her ríkisins kljáðst við ISIS-liða á landi en jafnframt beitt loftárásum og sprengjuvopnum. Samkvæmt opinberri tölfræði frá filippseyska ríkinu hafa 413 skæruliðar fallið í átökunum, 98 filippseyskir hermenn og 45 almennir borgarar.

Ekki er svo komið að liðsmenn hins upprunalega ISIS séu farnir að flykkjast til Marawi frá Mið-Austurlöndum heldur er um að ræða fern hryðjuverkasamtök sem hafa svarið ISIS hollustu og aðhyllast sömu hugmyndafræði. Eru það Maute, Abu Sayyaf, BIFF og Ansar Khalifa.

Samkvæmt Long War Journal er samanlagður styrkur hópanna um 500 hermenn. Þar af er rúmur helmingur meðlimur Maute-samtakanna, alls 300. Sextíu berjast fyrir Abu Sayyaf og fjörutíu fyrir BIGG og Ansar Khalifa hvor um sig.

Reuters greindi frá því í gær að skæruliðar reyndu nú að verja svæði sitt í helsta verslunarhverfi borgarinnar. Það væri þó ekkert nema rústir einar eftir linnulausar sprengjuárásir hersins. Angraði það borgarbúa mjög sem margir hverjir væru nú heimilis- og atvinnulausir.



**Duterte ætlar þó ekki að útrýma ISIS sjálfur með þessari skammbyssu. Hún og 2.999 aðrar voru afhentar hermönnum í Maníla í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarandstæðingar eru þó ekki hrifnir af bón forsetans um framlengingu á gildistíma herlaga á Mindanao, en eyjan er álíka stór og Ísland. Samkvæmt filippseyskum lögum skal gildistími laganna vera sextíu dagar en Duterte vill framlengja um sextíu daga til viðbótar. Til þess þarf samþykki þingsins.

Antonio Trillanes, öldungadeildarþingmaður og einn helsti andstæðingur Dutertes, sagði bón forsetans til marks um ævintýralega mikla misbeitingu valds. „Ég hef áður varað við alræðisstefnu Dutertes og hér sannast orð mín enn á ný,“ segir í tilkynningu sem Trillanes sendi frá sér í gær.

Reuters segir herlög hafa lengi þótt viðkvæmt mál á Filippseyjum en þau heimila miklar persónunjósnir, handtökur án tilskipana og auka jafnframt vald lögreglunnar. Segir Reuters herlög vekja upp minningar af ógnarstjórn einræðisherrans Ferdinands Marcos á áttunda áratugnum sem hefur verið sakaður um að ýkja ógnir við öryggi landsins til að viðhalda herlögum.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Miklir skógareldar við Adríahafið

**KRÓATÍA** Vel hefur tekist að ráða við skógarelda sem ógnað hafa borginni Split, mikilvægri hafnarborg við Adríahaf, undanfarna daga. Frá þessu greindi Andrej Plenkovic, forsætisráðherra Króatíu, í gær. Sagði hann að blessunarlega hefði tekist að rýma tugi húsa nærri Split sem síðar hafi orðið eldunum að bráð.

Að sögn Plenkovic hefur veðrið hjálpað slökkviliði mikið í baráttunni við eldana. Kviknuðu þeir meðal annars vegna sterkra vinda og mikilla þurrka. Nú hefur lygnt og hefur það bæði heft útbreiðslu eldanna sem og gert flugvélum slökkviliðs auðveldara fyrir.

Ríkissjónvarp Svartfjallalands greindi jafnframt frá því í gær að ríkisstjórn landsins hefði beðið Atlantshafsbandalagið um að senda tvær slökkviliðsflugvélar til Lustica-skaga þar í landi til að kljást við skógarelda. Segir í fréttinni að Atlantshafsbandalagið muni nú kanna hvaða ríki geti orðið við bóninni.



**Svona var ástandið í Podstrana nærri borginni Split í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

**» Hundruð hafa þurft að flýja heimili sín á Lustica-skaga Svartfjallalands.**

Lustica-skagi er allur sagður loga en þar hefur verið einkar þurrt undanfarið og vindar miklir. Rúmlega hundrað hafa þurft að yfirgefa heimili sín á skaganum. – þea




www.honda.is

Honda Civic er bíll sem er allt annað og meira. Hannaður sérstaklega fyrir þig. Hann endurspeglar metnað okkar fyrir tæknilegum yfirburðum. Skemmtilegur að keyra, öruggur, áreiðanlegur með pláss fyrir flest, þó sérstaklega – athygli! Fullkomin blanda af krafti, sparneytni og gæðum. **Komdu í heimsókn og prófaðu meira af okkar besta til þessa.**

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Einangrun



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það kemur tæpast nokkrum á óvart að Ísland stendur sig langverst af Norðurlöndunum þegar kemur að aðgerðum stjórnvalda gegn ójöfnuði samkvæmt nýrri skýrslu frá Oxfam. Að minnsta kosti ekki þeim sem þurfa að lifa við þennan ójöfnuð frá degi til dags, þrátt fyrir fögur fyrirheit stjórnvalda hverju sinni, og er gert að sætta sig við að njóta ekki mannréttinda vegna þess að það er talið kosta of mikið.

Þessi tíðindi koma Áslaugu Ýri Hjartardóttur eflaust ekki á óvart. Áslaug Ýr er daufblind og nýverið hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur beiðni hennar til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra um að greitt yrði fyrir túlkaþjónustu fjögurra túlka vegna sumarbúða sem hún hyggst sækja í Svíþjóð í sumar. Sumarbúðirnar eru sérstaklega fyrir daufblind ungmenni á Norðurlöndum en sænska ríkið greiðir fyrir bæði uppihald og ferðakostnað túlkanna. Íslenska ríkið hefði einvörðungu þurft að greiða launakostnað túlkanna en því var engu að síður hafnað á þeirri forsendu að kostnaðurinn myndi nema um 18% af ráðstöfunarfé Samskiptamiðstöðvarinnar á næstu þremur mánuðum.

Þetta er auðvitað hátt hlutfall af ráðstöfunarfé en það segir okkur náttúrlega fyrst og fremst hversu spart er farið með fjármagn til mannréttinda fatlaðs fólks á Íslandi. Það fjármagn virðist ekki ráðast af þörf heldur skilgreindu þolmarki stjórnvalda hverju sinni eftir árferði. Héraðsdómur fellst því á rök ríkisins fyrir því að í þessu tilviki sé svo lítið til ráðstöfunar að stór úthlutun bitni á öðrum. Fyrir vikið og í nafni fjársvelts velferðarkerfis eru mannréttindi Áslaugar Ýrar sett í annað sæti. Þetta er óneitanlega lýsandi fyrir þá staðreynd að Ísland er í tólfta sæti listans yfir aðgerðir stjórnvalda gegn ójöfnuði en Svíþjóð í því fyrsta. Svíar drógu heldur ekki lappirnar þegar kom að því að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem var undirritaður árið 2007. Það tók okkur Íslendinga hins vegar tæp tíu ár og samningurinn bíður enn lögfestingar.

Fullgildingin á síðasta ári var vissulega stórt skref en mál Áslaugar Ýrar sýnir okkur svo að ekki verður um villst að það dugar ekki til. Á meðal grundvallaratriða samningsins má nefna að með honum undirgengst ríkið þá skyldu að banna mismunun, stuðla að samfélagsþátttöku allra og jöfnum tækifærum og bera virðingu fyrir fjölbreytileika fólks og mannlegum margbreytileika. Þrátt fyrir fullgildinguna er út frá máli Áslaugar Ýrar og fleiri málum erfitt að sjá annað en að íslenska ríkið hafi ekki í hyggju að framfylgja þessum skyldum. Þvert á móti þekkja flestir öryrkjar á Íslandi það af eigin raun að þurfa sífellt að berjast fyrir réttindum sínum, samfélagsþátttöku og mannvirðingu.

Áslaug Ýr tók lán fyrir launakostnaði túlkanna sem íslenska ríkið hefði átt að sjá sóma sinn í að greiða og hún ætlar að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Það er óskandi samfélagsins vegna að þar verði henni dæmdur sigur og íslenska ríkið dæmt til að hætta að dæma fatlað fólk til félagslegrar einangrunar.

**Þvert á móti þekkja flestir öryrkjar á Íslandi það af eigin raun að þurfa sífellt að berjast fyrir réttindum sínum, samfélagsþátttöku og mannvirðingu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Skítaveður**
**Það var svokallað skítaveður við Skeljanes og Faxaskjól í Reykjavík í gær þar sem neyðarlokur í dælustöðvunum voru opnaðar og óhreinsuðu skólpi hleypt í sjóinn. Var fólki ráðlagt að fara ekki í fjöruna eða sjóinn nálægt dælustöðvunum þar sem hætta var á að saurgerlamengun í sjó yrði yfir viðmiðunarmörkum. Jákvætt er að Reykjavíkurborg hafi upplýst um skólpmengunina í þetta sinn.**

**Reyndar var sannkallað skítaveður víðar og sást vart til sólar nema á Austfjörðum. Útlit er fyrir gott veður á Norðausturlandi á morgun en hversu lengi þurfa aðrir Íslendingar að bíða eftir nokkrum samfelldum sumardögum?**

**Sumar á þingi**
**Sumarleysið er þó ekki bundið við veðrið. Í gær fundaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um reglur um uppreist æru. Formaður nefndarinnar hafði komið því á framfæri að ástríminn væri ekki réttur. Þótti honum fundurinn geta beðið fram í ágúst, þar sem sumarfrí er nú á þingi, en varð þó við beiðni Svandísar Svavarsdóttur, VG, um að halda fundinn.**

**Pistlahöfundi þykir mikilvægt að Alþingi, eða nefndir þess, taki fyrir þau pólitísku mál sem brenna heitast á þjóðinni, jafnvel þótt það sé svokallað sumar.**

thorgnyr@frettabladid.is

# Æskilegt að forseti Íslands leiðbeini Alþingi



Svanur Kristjánsson
prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Sumir ráðamenn virðast halda að hægt sé að breyta valdi forseta og ábyrgð á náðun og almennri uppgjöf saka einfaldlega með lagabreytingum. Slíkur málflutningur byggir á vanþekkingu og er til þess fallinn að draga athyglina frá kjarna málsins.

Vald og ábyrgð forseta Íslands í slíkum málum er samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar:

„Forsetinn getur ákveðið, að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, ef ríkar ástæður eru til. Hann náðar menn og veitir almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.“

Ákvæðið er byggt á eldri ákvæðum stjórnarskrár um náðunarvald Danakonungs. Á grundvelli úreltra og óljósra ákvæða um vald og ábyrgð forseta Íslands er staða hans í stjórnskipun landsins mjög óviss. Stundum er vald og ábyrgð forseta Íslands talin vera mikil eins og árið 1952 þegar 27.364 landsmenn undirrituðu áskorun til forseta Íslands, Ásgeirs Ásgeirssonar, um að veita almenna sakaruppgjöf til þeirra sem dæmdir voru vegna atburða á Austurvelli 30. mars 1949. Núna bendir hver ráðamaður á annan varðandi ábyrgð á umdeildri uppreist æru dæmds kynferðisafbrotamanns. Forseti Íslands bendir á innanríkisráðherra sem aftur bendir á starfsfólk innanríkisráðuneytis !

Slík stjórnarskrá með tilheyrandi ábyrgðarleysi æðstu valdhafa er uppskrift að sífelldum deilum um grundvallaratriði stjórnskipunar og réttarfars.

Þjóðkjörinn forseti Íslands þarf að gegna lykilhlutverki við uppbygginguí íslenska lýðveldisins. Að mínu mati er mjög æskilegt að forseti Íslands skori á Alþingi að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 þegar 67% kjósenda samþykktu meginatriði Nýju stjórnarskrárinnar sem m.a. afmarkar vald og ábyrgð forseta Íslands. Eina leiðin til að skýra stöðu og hlutverk forseta Íslands í stjórnskipun landsins er grundvallarbreyting á stjórnarskrá. Í lýðræðisríki á enginn valdsmaður að hafa vald án ábyrgðar. Raunverulegt lýðveldi verður ekki byggt á 19. aldar stjórnarskrá konungsríkis.

**Að mínu mati er mjög æskilegt að forseti Íslands skori á Alþingi að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Óskiljanleg og háskaleg vaxta- og gengisstjórn Seðlabanka



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Fram að banka- og fjármálakreppunni viðgekkst sú stefna meðal stjórnenda peningamála, að þeir, sem ættu fé, fjármagnseigendur, ættu rétt á að fá meira fé út á það fé, án nokkurra aðgerða, án fjárfestingar eða áhættu. Ég er auðvitað að tala um vextina, sem fjármagnseigendur fengu á áhættulausar og dauðar bankainnistæður. Þeir, sem urðu að greiða þessa vexti, voru vitaskuld lántakendur, skuldarar, og urðu þeir fátækari og fátækari meðan þeir ríku urðu ríkari og ríkari, af engu.

**Vaxtastefna Seðlabanka úrelt**

Bankakreppan kenndi ráðamönnum, nema kannske Seðlabankastjóra og peningastefnunefnd, að þetta kerfi stæðist ekki, hvorki siðferðislega né í framkvæmd, enda átti það stóran þátt í kreppunni, og féllu því allir vakandi og upplýstir stjórnendur peningamála frá þessari raunvaxtastefnu á árunum eftir 2008.

**Raunvextir rífa upp krónuna**

Seðlabankinn hefur haft 2,5% verðbólgumarkmið síðustu árin, sem er í lagi, en að byggja það inn í stýrivextina og bæta svo við 2-3%, til að raunvextir náist, er ekki í lagi, einkum, þegar engin önnur vestræn þjóð gerir það og raunverðbólga er aðeins 1,5%.

Stýrivextir hér eru því 4,5%, meðan að þeir eru við núllið annars staðar, og rífur þetta upp krónuna og afskræmir tekjur og gjöld.

Auk yfirkeyrðrar krónu er afleiðingin, að vextir til fólks hér eru á okurstigi, og verða menn m.a. að greiða íbúðir sínar margfalt, kannske 3-5 sinnum, vegna okurvaxtanna, meðan aðrir Evrópubúar greiða sínar íbúðir 1,5-2 sinnum, þökk sé lágvöxtum á evrusvæðinu.

**Hverjar eru afleiðingarnar**

Fyrir rúmu ári síðan voru um 140 krónur í evru. Í millitíðinni fór Evran um tíma í 110 krónur, og lækkuðu tekjur útflutningsatvinnuveganna því um allt að 22% á einu ári. Ég er að tala um ferðaþjónustu, sjávarútveg, áliðnað, hátækniiðnað og flutningaþjónustu. Margar helztu atvinnugreinar landsins. Á sama tíma hefur ýmis rekstrarkostnaður þessara fyrirtækja hækkað. Er afkoma þeirra því um 30% lakari nú, en fyrir ári. Hver lifir slíkt af!?

Það hlýtur því að vera öllum ljóst – nema kannske Seðlabankamönnum – að þessi hækkun á krónunni fær ekki staðizt. Útflutningsfyrirtækin fara úr sæmilegri eða góðri afkomu, sem er nauðsynleg og eðlileg, í bullandi tap. Allavega flest þeirra.

> En hvað gerist þá!? Seðlabankinn veður inn á markaðinn og kaupir krónur í stórum stil til að styrkja krónuna aftur. Með handafli. Hrökk hún þá upp í um 115. Gekk Seðlabanki með þessu óðagoti fram gegn áhrifum nýgerðra vaxtalækkana sjálfs sín!

Ef útflutningsfyrirtækin okkar lenda í tapi og greiðsluerfiðleikum, sem síðan bitnar á starfsmönnum, innlendum þjónustuaðilum, eigendum, bönkum og ríkinu sjálfu, því ekki falla skattar og skyldur niður, er hér vá fyrir dyrum; ný kreppa í uppsiglingu. Þetta er dauðans alvara!

**Nauðsynleg gengisleiðrétting stöðvuð**

Eftir umræðu, gagnrýni og ört vaxandi vanda margra fyrirtækja, tók Seðlabanki loks við sér og lækkaði stýrivexti smávægilega í 2 þrepum; Úr 5,00% í 4,5%. Þetta, ásamt með hraðminnkandi gjaldeyristekjum, vegna yfirkeyrðs kostnaðar fyrir ferðamenn, leiddi loks til þess, að gengi krónunnar hóf frjálst og eðlilegt leiðréttingarferli.

Í fyrri viku lækkaði gengi krónunnar í nærri 120 í evru. Drógu nú sumir andann léttar og vonuðust eftir raunhæfu og „réttu gengi“, sem virðist liggja við 130 krónur. En hvað gerist þá!? Seðlabankinn veður inn á markaðinn og kaupir krónur í stórum stil til að styrkja krónuna aftur. Með handafli. Hrökk hún þá upp í um 115. Gekk Seðlabanki með þessu óðagoti fram gegn áhrifum nýgerðra vaxtalækkana sjálfs sín!

Eftir greiningu helztu hliða þessa gengismáls, virðist eðlilegt gengissvið krónunnar 125-135 í Evru. Þetta ætti ekki að hækka vöruverð, því mér sýnist verzlunin ekki hafa þorað eða treyst sér neðar, og útflutningsatvinnuvegirnir ættu að ná viðunandi afkomu.

**Enginn raungrundvöllur fyrir sterkri krónu**

Framganga Seðlabanka og ríkisstjórnar í vaxta-, gengis- og efnahagsmálum hefur verið vanhugsuð, fumkennd og lítt traustvekjandi. Helztu atvinnuvegir landsins eru reknir með tapi. Enginn gjaldmiðill hefur meiri styrk til lengdar en atvinnuvegirnir á bak við hann. Gæti trúin á krónuna snúizt í vantrú og hræðslu. Kæmi þá meira en eðlileg gengisleiðrétting.




# Lögfræði eða leikjafræði?



Jónas Sigurgeirsson
bókaútgefandi

Í nýlegum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í hinu svokallaða Marple-máli var fangelsisdómur þyngdur yfir Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings banka. Dómurinn, sem kveðinn er upp tæpum áratug eftir umþrætta atburði, markar ákveðin þáttaskil í íslenskri réttarfarssögu þar sem í fyrsta sinn er farið út fyrir hámarksrefsiramma, sex ára fangelsi, fyrir efnahagsbrot. Einkar athyglisvert er að þessi tímamótadómur um þyngingu refsingar verður við endurupptöku máls sem Hæstiréttur hafði áður ógilt vegna vanhæfis sérfróðs meðdómara.

**Forsaga vanhæfis**

Það var á opnum fundi í Háskóla Íslands um nýjar heimildir um fjármálahrunið í janúar 2015 sem ég sá fyrst Ásgeir Brynjar Torfason, lektor í viðskiptafræði. Þar hafði hann sig í frammi og mátti heyra að hann bar þungan hug til bankamanna og virtist lítt hrifinn af því að framsögumenn tækju upp mögulegar varnir fyrir þá. Framkoma hans vakti athygli mína og stuttu síðar, fyrir algera tilviljun, bar nafn hans á góma þegar fyrrverandi nemandi hans fullyrti að hann hefði haldið því fram í kennslustund að bönkunum hefði verið stjórnað af glæpamönnum.

Þegar nafn þessa sama Ásgeirs Brynjars Torfasonar birtist í fjölmiðlum, í september 2015, um að hann væri sérfróður dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur að ósk Símonar Sigvaldasonar, dómara í Marple-máli sérstaks saksóknara gegn forsvarsmönnum Kaupþings banka, hafði ég samband við Hreiðar Má og benti honum á vanhæfið. Hreiðar Már hafði strax samband við verjanda sinn en málflutningi var þá nýlega lokið. Í kjölfarið fundu verjendur eitt og annað sérkennilegt á samfélagsmiðlum um afstöðu Ásgeirs Brynjars gagnvart bankamönnum og kröfðust þess í kjölfarið að dómarinn viki sæti og málflutningur yrði endurtekinn.

Símon Sigvaldason, sem var dómsformaður í málinu, lét þessar kröfur sem vind um eyru þjóta og felldi þungan dóm yfir sakborningum. Nokkrum mánuðum síðar sló Hæstiréttur hins vegar á fingur Símonar og ógilti dóminn vegna augljóss vanhæfis Ásgeirs Brynjars. Tugmilljóna króna kostnaður vegna þessara mistaka lenti á ríkissjóði og varð því að flytja málið að nýju.

Ásgeir Brynjar Torfason er stofnandi og stjórnarmaður í félaginu „Gagnsæi – samtök gegn spillingu“. Reynt er að tryggja óhlutdrægni dómstóla með lögum enda eru óvilhallir dómstólar einn helsti mælikvarði á spillingu í samfélögum. Dómurum, sem taka sæti í slíkum dómstól, ber skylda til samkvæmt reglum um gagnsæi að upplýsa um atvik sem eru til þess fallin að draga úr trausti fólks, sem á frelsi sitt undir niðurstöðunni, til hlutlægni þeirra. Þessi augljósu sannindi virðast bæði vefjast fyrir stjórnarmanni Gagnsæis og Símoni Sigvaldasyni dómsformanni.

**Er hægt að treysta á óhæði dómara?**

Málið var endurflutt nú í byrjun júní. Kröfum verjenda sakborninga um að Símon Sigvaldason viki sæti í málinu vegna fyrri afstöðu og nýir dómarar kæmu að því voru virtar að vettugi.

Nýr dómur í Marple-málinu var birtur nú í byrjun júlí. Hann er samhljóða fyrri dómi í öllum atriðum nema því að refsing yfir Hreiðari Má er þyngd. Sú spurning vaknar því óhjákvæmilega hvort það hafi verið slæm mistök hjá mér að láta fyrrverandi starfsfélaga vita af því að sérfróður meðdómari í máli hans væri vanhæfur. Hvort í dómsorði felist þau skilaboð til lögmanna að allar ábendingar um vanhæfi dómara séu illa séðar og mögulega látnar bitna á skjólstæðingum þeirra?

Með dómnum var farið út fyrir refsimörk sem mögulega kann að leiða til þyngri refsingar yfir þeim sem enn bíða dóms níu árum eftir fall bankanna. Ef ábending um augljóst vanhæfi leiðir til þyngingar dóma, þá er þetta ekki lengur lögfræði, heldur einhvers konar leikjafræði sem jaðrar við valdníðslu.





Þjálfarinn Freyr Alexandersson og íslensku stelpurnar þakka fyrir frábæran stuðning en vonbrigðin leyna sér ekki. Liðið átti meira skilið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fimm mínútum frá fullkomnun

**Stelpurnar okkar voru aðeins fimm mínútum frá því að ná frábærum úrslitum á móti einu besta liði heims í fyrsta leik liðsins á EM 2017. Umdeildur vítaspyrnudómur gerði út um vonir stelpnanna okkar í gær.**

WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS
Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** Þær voru niðurlútar en stoltar, stelpurnar okkar, þegar þær gengu hringinn og þökkuðu 3.000 íslenskum stuðningsmönnum fyrir sig eftir grátlegt tap á móti Frakklandi, 1-0, í fyrsta leik liðsins á EM 2017 í fótbolta í gærkvöldi. Þær vissu, eins og allir sem horfðu á leikinn, að þær áttu meira skilið.

Íslenska liðið var fimm mínútum frá því að ná fullkomnum 90 mínútum í varnarleik á móti liði sem er líklegt til að verða Evrópumeistari. Mark úr vítaspyrnu á 85. mínútu eftir mjög umdeildan dóm ömurlegs dómara leiksins réð úrslitum. Sú ítalska á flautunni, sem hafði enga stjórn á leiknum, hafði ekki kjark til að dæma víti þegar Fanndís Friðriksdóttir var felld í teignum í fyrri hálfleik en hún var fljót að flauta þegar Amandine Henry féll til jarðar.

Úrslitin voru grátleg en stelpurnar okkar sýndu að þær eru meira en tilbúnar í slaginn með frammistöðunni í Tilburg í gærkvöldi. Þær voru vel undirbúnar og vissu allt um franska liðið. Aðgerðir stórstjarna Frakka komu þeim ekkert á óvart. Ef það vantaði svo einhver gæði upp á að klára tæklingu eða vinna boltann var nóg á tanknum í íslenska hjartanu til ganga frá þeim málum.

Freyr Alexandersson gerði hlut sem mátti svo sem alveg búast við af honum fyrir leik. Hann sýndi að hann er óhræddur við að gera breytingar og treystir þeim leikmönnum sem hann valdi í hópinn með því að hafa þrjá EM-nýliða í byrjunarliðinu.

Agla María Albertsdóttir, fædd 1999, Ingibjörg Sigurðardóttir, fædd 1997, og Sigríður Lára Garðarsdóttir, fædd 1994, byrjuðu allar sinn fyrsta EM-leik en saman eiga þær nú 17 landsleiki.

Allar fylgdu þær frumkvæði þjálfarans og voru óhræddar. Ingibjörg spilaði frábærlega í vörninni ásamt Sif Atladóttur sem var frábær í hjarta varnarinnar sem og Glódís Perla Viggósdóttir. Sigríður Lára spilaði á miðjunni eins og hún hefði aldrei gert neitt áður og stimplaði sig snemma inn með einni Sísí-tæklingu. Hún var líka sallaróleg á boltann og sýndi ótrúlega reynslu í alþjóðabolta þrátt fyrir að búa í raun ekki yfir henni.

### Góð fyrirheit

Ef það er eitthvað sem ekki þarf að hafa áhyggjur af er það hvernig stelpurnar taka þessu tapi. Það hefði verið auðvelt fyrir þær að gleyma hausnum í Leifsstöð og vera bara þakklátar fyrir áhuga þjóðarinnar. En þær vilja bara svo miklu meira og sýndu í gærkvöldi að þær geta staðið í þeim bestu og rúmlega það. Franska liðið komst varla í alvöru færi í leiknum.

Það var vafalítið erfitt fyrir stelpurnar að leggjast á koddann í nótt en nú er þetta búið. Fyrir stafni eru aðrar 180 mínútur sem ráða úrslitunum í þessum riðli. Nú er bara að taka þessa frammistöðu með sér í næsta leik á móti Sviss og ná í úrslitin sem þær voru sviknar um í gærkvöldi.

## Trúði þessu ekki

„Ég trúði þessu ekki. Það var búið að vera barningur allan leikinn og svo tekur hún svona ákvörðun á þessum tímapunkti. Hún sá okkur gera eitthvað sem má ekki gera í fótbolta. Við tökum því bara," sagði Sif Atladóttir um vítaspyrnudóm ítalska dómarans sem réð úrslitum í gær. „Við vorum búnar að skoða þær vel og mér fannst við bara loka á þær. Þær eru sterkar fram á völlinn en mér fannst við loka á styrkleika þeirra," sagði Sif. „Ég er samt ógeðslega sátt við liðið og stolt af öllum hvort sem þær spiluðu eða voru fyrir utan. Það er svekkjandi að fá ekki neitt út úr þessu," sagði Sif.

## Eins og við höfum verið rændar



„Mér fannst vítið mjög ódýrt, fyrstu viðbrögð voru að hún hefði lagst niður sem er svekkjandi þar sem þær sköpuðu sér ekki neitt að mínu mati," sagði Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður íslenska liðsins, eftir leikinn.

„Þetta var svekkjandi, þær fengu nokkur skot fyrir utan teiginn og einhverjar hornspyrnur en aldrei nein verðug marktækifæri. Tilfinningin er einfaldlega eins og við höfum verið rændar. Að mínu mati áttum við skilið að minnsta kosti stig úr þessum leik og það er glatað að tapa á víti eins og þessu."



BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

**ÍSL 0–1 FRA**

**0-1** Eugénie Le Sommer, víti (86.).
**Gul spjöld Íslands:** Ingibjörg Sigurðardóttir (34.), Agla María Albertsdóttir (54.)

| ÍSL | | FRA |
|---|---|---|
| 4 (0) | **Skot (á mark)** | 21 (5) |
| 2 | **Hornspyrnur** | 8 |
| 26 | **Hættulegar sóknir** | 58 |
| 128 | **Heppn. sendingar** | 403 |
| 65% | **% heppn. sendinga.** | 83% |
| 33% | **Með boltann** | 67% |

**Besti leikmaður Íslands**

## Sif Atladóttir



Drottningin í hjarta varnarinnar var algjörlega frábær. Hún kláraði hvert einasta einvígi sem hún fór í og var stundum eins og eins manns her í miðjunni á þriggja manna miðvarðalínunni. Frábær leikur hjá Sif.

**Frammistaða Íslands (3-4-3)**

| | |
|---|---|
| Guðbjörg Gunnarsdóttir | 7 |
| Glódís Perla Viggósdóttir | 8 |
| *Sif Atladóttir | 9 |
| Ingibjörg Sigurðardóttir | 8 |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir | 7 |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 8 |
| Sigríður Lára Garðarsdóttir | 8 |
| (75. Harpa Þorsteinsdóttir | -) |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | 7 |
| Fanndís Friðriksdóttir | 8 |
| (82. Elín Metta Jensen | -) |
| Dagný Brynjarsdóttir | 7 |
| Agla María Albertsdóttir | 7 |
| (76. Katrín Ásbjörnsdóttir | 7) |

**EM 2017 í Hollandi**

WOMEN'S EURO 2017 THE NETHERLANDS

**C-riðill**

**Austurríki - Sviss 1-(**
1-0 Nina Burger (15.).
**Staðan í C-riðli:** Frakkland 3, Austurríki 3, Ísland 0, Sviss 0.

**Í dag er spilað í D-riðli**
**16.00 Spánn - Portúgal Doetinch**
**18.45 England - Skotland Utrech**

FH-INGARNIR KOMUST ÁFRAM
FH er komið áfram í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildarinnar í fótbolta eftir 2-0 sigur á Víkingi frá Götu í Færeyjum í gærkvöldi.
FH vann þar með 3-1 samanlagt en fyrri leiknum í Kaplakrika lauk með 1-1 jafntefli.
Skotinn Steven Lennon skoraði fyrra markið úr vítaspyrnu á 79. mínútu og Þórarinn Ingi Valdimarsson innsiglaði síðan sigurinn uppbótartíma.
FH-igar mæta annaðhvort Zrinjski Mostar frá Bosníu eða Maribor frá Slóveníu í næstu umferð en seinni leikur þeirra fer fram á morgun. Maribor vann fyrri leikinn 2-1 á útivelli og er því í mjög góðri stöðu. Það er því langlíklegast að FH-ingar séu á leiðinni til Slóveníu í næstu viku.

## Í dag

**09.50** **Leicester - West Brom** Spor
**11.15** **Bayern - Arsenal** Sport
**12.20** **Liverpool - C.Palace** Spor
**00.00** **Roma - PSG** Spor

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 19. júlí 2017 28. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL







# Tugmilljarða gengishagnaður



**Fjárfestar sem komu með evrur til landsins í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á fyrri helmingi árs 2016 geta nú innleyst rúma tuttugu milljarða króna í gengishagnað. Árleg avöxtun nemur fjórtán prósentum.**

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



»2

## Yfirmaður hjá Icelandair með stöðu grunaðs í rannsókn FME

Yfirmaður hjá Icelandair hefur verið sendur í leyfi frá störfum vegna rannsóknar FME á meintum brotum á lögum um verðbréfaviðskipti. Rannsóknin beinist að viðskiptum með bréf í félaginu í aðdraganda kolsvartrar afkomuviðvörunar sem birtist 1. febrúar síðastliðinn.

»2

## Lyfja bíði „verulegt“ tjón af frekari sölu eigna

Stjórnendur smásölurisans Haga voru reiðubúnir að selja verslanir Heilsuhússins og heildverslunina Heilsu til þess að þóknast Samkeppniseftirlitinu. Þeir vildu hins vegar ekki ganga lengra.

»6

## Milli steins og sleggju

„Mikil eftirspurn innanlands hefur neytt Seðlabankann til að halda stýrivöxtum tiltölulega háum og þetta skýrir að hluta til af hverju krónan sætir nú óþarflega mikilli aðhaldsstefnu,“ segir Lars Christensen.




# Brunnur vaxtarsjóður tapaði 244 milljónum



Helgi Júlíusson, framkvæmdastjóri Brunns vaxtarsjóðs

244 milljóna króna tap varð af rekstri Brunns vaxtarsjóðs, sem er í rekstri Landsbréfa og SA Framtaks GP, í fyrra. Jókst tapið um 156 milljónir króna á milli ára. Sjóðurinn færði jafnframt niður virði eignarhlutar síns í tæknifyrirtækinu ATMO Select á árinu.

Sjóðurinn, sem var settur á stofn í febrúar árið 2015, fjárfestir í íslenskum sprota- og vaxtarfyrirtækjum. Eigið fé sjóðsins nam 759,5 milljónum króna í lok síðasta árs og jókst um 514 milljónir á milli ára.

Sjóðurinn fjárfesti í tveimur nýjum félögum, DT Equipment og Oculis, á árinu, en fyrir átti sjóðurinn hlut í ATMO Select og Ark Technology. Bókfært virði 28,3 prósenta hlutar sjóðsins í ATMO Select var 40 milljónir í lok árs 2016, en til samanburðar átti sjóðurinn 18,4 prósenta hlut í félaginu að virði 100 milljónir króna í lok 2015. Þá var 44 prósenta hlutur sjóðsins í Ark Technology metinn á tæpar 150 milljónir í lok síðasta árs.

Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi – lífeyrissjóður og Birta eru stærstu hluthafar sjóðsins, með samanlagt yfir 75 prósenta hlut, og þá á Landsbankinn rúmlega fimmtungshlut í Brunni. – kij



Hlutabréfaverð Icelandair hefur rétt úr kútnum og hækkað um 20 prósent frá því í byrjun júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sendur í leyfi vegna rannsóknar FME

**Yfirmaður hjá Icelandair grunaður um brot á lögum um verðbréfaviðskipti. Var sendur í leyfi frá störfum í lok maí. Rannsóknin beinist að viðskiptum með bréf í aðdraganda kolsvartrar afkomuviðvörunar sem félagið sendi frá sér 1. febrúar.**

Yfirmaður hjá Icelandair hefur verið sendur í leyfi frá störfum vegna rannsóknar Fjármálaeftirlitsins (FME) á meintum brotum á lögum um verðbréfaviðskipti. Beinist rannsókn FME, samkvæmt heimildum Markaðarins, að viðskiptum með bréf í félaginu í aðdraganda þess að Icelandair Group sendi frá sér tilkynningu til Kauphallarinnar 1. febrúar þar sem afkomuspá félagsins fyrir 2017 var lækkuð um liðlega 30 prósent.

Í skriflegu svari við fyrirspurn Markaðarins staðfestir Icelandair að félagið hafi í lok maí síðastliðins fengið upplýsingar um að starfsmaður þess hefði stöðu grunaðs í rannsókn vegna meintra brota á lögum um verðbréfaviðskipti. „Viðkomandi starfsmaður fór þá strax í leyfi frá störfum sínum og verður þar til rannsókninni lýkur,“ segir í svari Icelandair.

Félagið segist ekki hafa frekari upplýsingar um málið.

**27**

**milljarðar gufuðu upp af markaðsvirði Icelandair daginn sem afkomuviðvörun félagsins var send út.**

**Kom fjárfestum í opna skjöldu**

Í kolsvartri afkomuviðvörun sem Icelandair Group sendi frá sér rétt fyrir opnun markaða miðvikudaginn 1. febrúar síðastliðinn kom fram að EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta – myndi lækka um 60 til 70 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um átta milljarða króna, og verða á bilinu 140 til 150 milljónir dala. Vísað var til þess að bókanir hefðu verið hægari en gert var ráð fyrir og að meðalfargjöld á mörkuðum hefðu lækkað umfram spár. „Þessa þróun má einkum rekja til aukinnar samkeppni en einnig má leiða líkur að því að óvissa vegna breytinga í alþjóðastjórnmálum hafi áhrif á eftirspurn,“ sagði meðal annars í tilkynningu Icelandair.

Afkomuviðvörun flugfélagsins kom fjárfestum á markaði í opna skjöldu og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Hlutabréfaverð félagsins lækkaði um 24 prósent – úr 22,1 krónum á hlut í 16,8 krónur á hlut – og 27 milljarðar af markaðsvirði Icelandair Group þurrkuðust út á aðeins einum viðskiptadegi. Þegar hlutabréfaverð Icelandair var í hæstu hæðum í apríl 2016 var Icelandair metið á um 195 milljarða en í kjölfar afkomuviðvörunar félagsins í byrjun febrúar hafði virði þess lækkað samanlagt um 110 milljarða á aðeins níu mánuðum.

Gengi bréfa Icelandair hafði lækkað nokkuð dagana áður en afkomuviðvörun félagsins var gerð opinber. Þannig stóð hlutabréfaverð félagsins í 23,4 krónum á hlut við lokun markaða 25. janúar en gengið lækkaði samtals um ríflega fimm prósent það sem eftir lifði janúarmánaðar. Hlutabréfaverð Icelandair hélt áfram að falla næstu vikur og mánuði eftir afkomuviðvörun félagsins og fór lægst í rúmlega 13 krónur á hlut í apríl.

Frá því í byrjun júnímánaðar hefur gengi bréfa flugfélagsins rétt nokkuð úr kútnum og hækkað um liðlega 20 prósent. Þannig sendi félagið frá sér tilkynningu eftir lokun markaða 6. júlí síðastliðinn um að farþegum Icelandair hafi í júní fjölgað um um 11 prósent á milli ára. Þá jókst framboðsnýting um 11 prósent og sætanýting hækkaði einnig nokkuð frá fyrra ári og var 85,7 prósent. hordur@frettabladid.is

# Vildu selja Heilsuhúsið en ekki ganga lengra

Stjórnendur smásölurisans Haga lýstu sig reiðubúna til þess að selja verslanir Heilsuhússins og heildverslunina Heilsu til þess að þóknast Samkeppniseftirlitinu. Þeir vildu hins vegar ekki ganga lengra og töldu að Lyfja myndi bíða „verulegt“ fjárhagslegt tjón af frekari sölu eigna.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að heimila ekki kaup Haga á Lyfju. Ákvörðunin var birt á vef eftirlitsins í gær.

Í ákvörðuninni er rakið að stjórnendum Haga hafi verið tilkynnt 26. maí það mat Samkeppniseftirlitsins að kaupin röskuðu samkeppni. Í kjölfarið lýstu stjórnendurnir sig reiðubúna til að gangast undir tiltekin skilyrði sem væru til þess fallin að koma í veg fyrir þau skaðlegu samkeppnislegu áhrif sem eftirlitið taldi stafa af kaupunum.

Á meðal skilyrðanna var að Hagar myndu selja frá sér heildverslunina Heilsu og verslanir Heilsuhússins, sem hafa verið í eigu Lyfju um árabil. Auk þess skuldbundu Hagar sig meðal annars til þess að hrófla ekki við staðsetningum apóteka Lyfju í Borgarnesi, Reykjanesbæ og á Egilsstöðum.

Samkeppniseftirlitið taldi hins vegar tillögur Haga ekki duga til.

**» Samkeppniseftirlitið taldi tillögur Haga ekki duga til þess að eyða þeim skaðlegu áhrifum sem samruninn hefði á samkeppni.**

Þær væru ekki fullnægjandi til þess að eyða þeim skaðlegu áhrifum sem kaupin hefðu annars á samkeppni.

Stjórnendur Haga óskuðu eftir fundi með Samkeppniseftirlitinu 11. júlí síðastliðinn þar sem ræða átti möguleika á fleiri skilyrðum, sem fælust þá í frekari sölu á eignum umfram það sem Hagar hefðu þegar lagt til. Í símtali lögmanns Haga við fulltrúa Samkeppniseftirlitsins kom fram að til álita kæmi af hálfu Haga að selja frá sér tilteknar verslanir, til dæmis þær þar sem velta á snyrtivöru er hvað mest.

Fundurinn fór fram daginn eftir, 12. júlí, en þar kom ekki fram nein ósk af hálfu Haga um frekari skilyrði. Sagði lögmaður Haga að við nánari skoðun félagsins á mögulegri sölu frekari eigna hefði komið í ljós að Lyfja hefði beðið mikinn skaða af. Þær einingar sem félagið þyrfti að selja gætu heldur ekki talist söluvænar og kaupendahópurinn væri fámennur. Því væri ljóst að fjárhagslegt tjón af frekari uppskiptingu Lyfju yrði verulegt.– kij

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301
Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

# Dohop þarf að sækja sér 65 milljónir

Dohop þarf að sækja sér 65 milljónir króna að lágmarki á þessu ári til þess að halda rekstrinum gangandi. Ef gengi krónunnar heldur áfram að styrkjast gæti fjárhæðin orðið allt að eitt hundrað milljónir króna. Þetta kemur fram í fundargerð aðalfundar félagsins sem haldinn var 23. maí síðastliðinn og Markaðurinn hefur undir höndum.

Haft er eftir Davíð Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Dohop, í fundargerðinni að gengisstyrking krónunnar hafi haft mikil áhrif á rekstur félagsins.



Davíð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Dohop

Stjórnendur Dohop sögðu meðal annars upp tíu starfsmönnum hér á Íslandi á fyrsta fjórðungi ársins og réðu þess í stað starfsmenn í Hvíta-Rússlandi og Úkraínu.

Davíð útskýrði jafnframt á fundinum hvernig aukið hlutafé hefði drifið tekjuvöxt félagsins áfram. Miðað við þá reynslu ættu stjórn og hluthafar að huga möguleg að því að sækja meira fé en minna. Hann bætti við að ef einhvern tímann væri tími til þess að hafa félagið vel fjármagnað, þá væri það núna.

Velta Dohop jókst um 41 prósent og nam 305 milljónum króna í fyrra. Varð um 200 milljóna króna tap á rekstrinum. Davíð sagði í samtali við Viðskiptablaðið í lok marsmánaðar að útlit væri fyrir að veltan myndi aukast um fimmtíu prósent í ár og verða um 405 milljónir króna. Yrði afkoman í kringum núllið.

Hann benti á að stærstur hluti tekna félagsins – ríflega 75 prósent – væru laun í íslenskum krónum og um 90 prósent teknanna væru í erlendri mynt. Styrking krónunnar hefði því áhrif á báðar hliðar rekstrarreikningsins sem væri verulega óþægilegt. Gerði hann ráð fyrir að styrkingin myndi kosta félagið um fimmtíu til áttatíu milljónir króna á þessu ári.

Dohop var stofnað árið 2004 og rekur ferðaleitarvefinn Dohop.is. – kij




TOTAL




TOTAL SMUROLÍUR
SVO ALLT GANGI SMURT!




kemi Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | www.kemi.is | kemi@kemi.is



Fjárfestar komu inn í landið með 245 milljónir evra, eða sem jafngildir fimmtíu milljörðum króna miðað við vegið útboðsgengi, í fyrstu fjórum útboðum fjárfestingarleiðarinnar á fyrri helmingi 2012.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Geta innleyst tuttugu milljarða hagnað

**Fjárfestar sem tóku þátt í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á fyrstu sex mánuðum ársins 2012 geta nú selt fjárfestingar sínar, skipt krónunum í evrur og farið af landi brott. Gengishagnaðurinn nemur rúmum tuttugu milljörðum króna. Auk krónuafsláttar og gengishagnaðar njóta þeir góðs af ríkulegri ávöxtun af sjálfum fjárfestingunum.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is
Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þeir fjárfestar sem komu með evrur hingað til lands í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á fyrri helmingi ársins 2012 geta nú innleyst rúma tuttugu milljarða króna í gengishagnað, samkvæmt útreikningum Markaðarins. Ávöxtunin á þessu fimm ára tímabili nemur fjórtán prósentum á ársgrundvelli. Til viðbótar við gengishagnaðinn bætist síðan ávöxtun af fjárfestingunni sjálfri, en ætla má að hún hafi almennt verið afar ríkuleg á undanförnum árum. Þannig gæti fjárfestir sem kom með evrur til landsins í fyrsta útboði fjárfestingarleiðarinnar, í febrúar árið 2012, og keypti sér fimmtíu milljóna fasteign í miðbæ Reykjavíkur nú innleyst tæplega 58 milljóna hagnað. Árleg ávöxtun nemur í því tilviki 38,9 prósentum.

Fjölmargir fjárfestar og fyrirtæki nýttu sér fjárfestingarleið Seðlabankans á árunum 2012 til 2015 til þess að koma með gjaldeyri og fjárfesta hér á landi. Bandarískir eigendur Íslenskrar erfðagreiningar voru hvað stórtækastir, en alls komu þeir með 9,3 milljarða króna til landsins á grundvelli fjárfestingarleiðarinnar til þess að fjármagna innlendan rekstur og fjárfestingar fyrirtækisins. Félag í áttatíu prósenta eigu Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og tuttugu prósenta eigu Hjörleifs Þórs Jakobssonar fjárfestis kom jafnframt með tæpa tvo milljarða króna hingað til lands í desember 2012, en fjármunirnir verða lausir til ráðstöfunar í lok þessa árs.

Með leiðinni, sem var hugsuð sem skref í losun gjaldeyrishafta, var reynt að laða erlent fjármagn inn í landið og hleypa um leið aflandskrónum úr landinu. Eigendum erlends gjaldeyris var gert kleift að kaupa krónur á betra verði en opinbert gengi Seðlabankans sagði til um, en krónuafslátturinn umræddi var að meðaltali í kringum tuttugu prósent. Hann var allt að þrjátíu prósent í fyrstu útboðunum en fór lækkandi eftir því sem á leið og í byrjun árs 2015 náði hann vart tíu prósentum. Á meðal þeirra kvaða sem fjárfestar þurftu að gangast undir var að binda fjárfestingu sína hér á landi í fimm ár.

Fyrstu fjögur útboðin á grundvelli fjárfestingarleiðarinnar fóru fram á fyrri helmingi árs 2012. Þeir sem tóku þátt í útboðunum geta því nú, fimm árum síðar, selt fjárfestingar sínar, skipt krónunum í evrur og flutt þær úr landi, kjósi þeir svo. Krónuafslátturinn og veruleg gengisstyrking krónunnar á undanförnum árum, en gengi krónunnar hefur styrkst um 34 prósent á undanförnum fimm árum samkvæmt gengisvísitölu, hefur gert það að verkum að þátttakendur í þessum fyrstu fjórum útboðum geta nú innleyst verulegan gengishagnað, um 20,3 milljarða króna.

Fjögur útboð til viðbótar voru haldin á árinu 2012. Alls komu 381,4 milljónir evra til landsins í gegnum öll átta útboðin. Ef allri fjárhæðinni yrði nú skipt í krónur myndi hreinn gengishagnaður nema 31,2 milljörðum króna miðað við núverandi gengi. Ávöxtun fjárfestanna á þessu fimm ára tímabili var því 13,8 prósent á ársgrundvelli. Fjárfestir sem kom með eina milljón evra til Íslands í fyrsta útboði fjárfestingarleiðarinnar gæti, svo eitt dæmi sé tekið, innleyst 82,5 milljónir króna í gengishagnað. Þá er auðvitað ótalin ávöxtun af sjálfri fjárfestingunni.

**Féð oft nýtt í rekstur**

Taka skal fram að í mörgum tilfellum var um að ræða fjármuni sem nýttir voru til þess að fjármagna rekstur fyrirtækja hér á landi. Ekki er því hætta á að fjármunirnir fari úr landi nú að fimm ára binditímanum liðnum. Actavis kom til dæmis með 988 milljónir króna í gegnum fjárfestingarleiðina árið 2012 í því skyni að fjárfesta í tækjabúnaði fyrir lyfjaþróun og endurfjármagna lán vegna stækkunar lyfjaverksmiðju félagsins í Hafnarfirði. Leiða má að því líkur að félagið hafi ekki þurft neina gulrót í formi afsláttar á krónum. Fjármunirnir hefðu hvort eð er komið til landsins, óháð afslættinum.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að hluti þeirra fjárfesta, sem nýttu sér fjárfestingarleiðina á fyrri hluta árs 2012, hafi selt fjárfestingar sínar og flutt gjaldeyrinn úr landi. Ekki er vitað í hve miklum mæli þeir hafa skipt krónum í gjaldeyri, en ekki er talið að um verulegar fjárhæðir sé að ræða. Þó telja nokkrir viðmælendur Markaðarins að gjaldeyrisútflæði vegna umræddra fjárfesta hafi mögulega átt einhvern þátt í gengisveikingu krónunnar undanfarnar vikur. Erfitt sé hins vegar að slá því föstu með óyggjandi hætti.

**Auðmenn nýttu leiðina**

Fjölmargir þekktir fjárfestar og fyrirtæki nýttu sér fjárfestingarleiðina árið 2012. Ágúst og Lýður Guðmundssynir, stofnendur Bakkavarar, komu til dæmis með 5,1 milljarð króna til landsins í gegnum leiðina, en féð nýttu þeir til þess að sanka að sér hlutum í Bakkavör af íslenskum lífeyrissjóðum. Voru þeir í lok árs 2012 orðnir stærstu einstöku eigendur félagsins.

Þá nýtti útgerðarfélagið Samherji sér leiðina til þess að koma með rúma 2,4 milljarða króna til landsins – í gegnum félagið Kaldbak – til þess að fjármagna kaup félagsins á 37,5 prósenta hlut í olíufélaginu Olís og hlut í Jarðborunum. Eins og kunnugt er hefur félagið ákveðið að selja allan hlut sinn í Olís til Haga, en gert er ráð fyrir að salan gangi í gegn fyrir lok ársins.

Breska verslunarkeðjan Iceland kom einnig með fjármuni, nánar tiltekið 160 milljónir króna, til landsins í gegnum fjárfestingarleiðina til þess að fjármagna kaup á 37 prósenta hlut í íslensku Icelandversluninni.

Eigandi Húsasmiðjunnar, danska byggingavörukeðjan Bygma, nýtti sér jafnframt leiðina árið 2012 með því að gefa út skuldabréf til tíu ára fyrir um 1,4 milljarða króna. Voru fjármunirnir nýttir til þess að skjóta styrkari stoðum undir rekstur Húsasmiðjunnar.

Þá var fjárfestirinn Jón S. von Tetzchner iðinn við að nýta sér fjárfestingarleiðina. Hann kom með 1,1 milljarð til landsins árið 2012 og fjárfesti í ýmsum fasteignum og félögum, svo sem OZ, netversluninni Budin.is, fjarskiptafélaginu Hringdu og SmartMedia, sem selur og hýsir vefverslanir. Allt í allt kom hann með 4,8 milljarða til landsins í gegnum leiðina á árunum 2012 til 2015.

Fleiri þekktir fjárfestar fóru fjárfestingarleiðina árið 2012, svo sem Hjörleifur Þór Jakobsson, sem kom með 501 milljón króna til þess

## 39 prósenta árleg ávöxtun af fasteignakaupum

Fjárfestir sem kom með evrur hingað til lands í fyrsta útboði fjárfestingarleiðarinnar, í febrúar árið 2012, og keypti sér fimmtíu milljóna króna fasteign í miðbæ Reykjavíkur getur nú innleyst 58 milljóna króna hagnað. Auk krónuafsláttar og verulegs gengishagnaðar vegna gengisstyrkingar krónunnar á umliðnum árum nýtur fjárfestirinn góðs af stórhækkuðu fasteignaverði. Árleg ávöxtun – á þessu fimm ára tímabili – nemur um 38,9 prósentum.

Meðalfermetraverð í miðbænum hefur hækkað um 74 prósent frá því í febrúar 2012. Gengishagnaður umrædds fjárfestis nam 20,5 milljónum króna og hagnaður af fasteignaviðskiptunum var 37 milljónir. Samanlagður hagnaður hans var því 57,5 milljónir króna.

Taka skal fram að þetta er einungis tilbúið dæmi. Hins vegar er vitað að margir sem nýttu sér fjárfestingarleiðina festu kaup á fasteignum, sér í lagi miðsvæðis í höfuðborginni, en tólf prósent af fjármagnsinnstreyminu vegna leiðarinnar fór til kaupa á fasteignum.

**14%**
**er árleg ávöxtun þeirra sem tóku þátt í fyrstu fjórum útboðum fjárfestingarleiðarinnar.**

# Fólk

Heimilið

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚLÍ 2017




# Smíðaði húsbíl í stað þess að fara á barinn

Hallur Ingi Hallsson sefur í sendibíl. Hann segir úreltan hugsunarhátt að fólk þurfi að kaupa sér mörg hundruð fermetra einbýlishús. Smáhýsi sé spennandi kostur og einfaldi lífsstílinn. →2


MARAÞON

Fréttablaðið vinnur að sérblaði um maraþon.

Í þessu blaði verður hægt að kaupa bæði auglýsingar sem og kynningar.

Blaðið kemur út 28. júlí.

Áhugasamir geta haft samband við auglýsingadeild sérblaða.

Sími 512 5402
serblod@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Framhald af forsíðu ➜



„Mér finnst plássið bara stækka og stækka og ég vil hvergi annars staðar vera," segir Hallur Ingi Hallsson um húsbílinn sinn. MYNDIR/STEFÁN

Fyrsta nóttin var ótrúlega góð, ég hafði aldrei sofið betur. Nú hef ég búið í bílnum í þrjár vikur. Mér finnst plássið bara stækka og stækka og ég vil hvergi annars staðar vera. Þetta er orðið ansi kósí hjá mér," segir Hallur Ingi Hallson en hann innréttaði Renault Master sendibíl sem húsbíl og ætlar sér að búa að staðaldri í bílnum.

„Ég fékk hann ódýrt, á 850 þúsund kall, reif allt innan úr honum, þreif hann vel og málaði og byggði innan í hann aftur. Veggir, loft og gólf er allt einangrað með 25 mm steinull og bíllinn heldur hitanum vel inni. Ég er með lítinn rafmagnsofn sem er meira en nóg, rýmið funhitnar strax. Fyrir veturinn ætla ég að setja inn olíumiðstöð. Ég frýs ekkert í hel hérna," segir hann hress.

Hallur vinnur við smíðar og verkefnið vafðist ekki fyrir honum. Það tók hann tvo mánuði að gera bílinn gistihæfan. Hann stendur í bílastæði fyrir framan hús foreldra Halls og er þar í sambandi við rafmagn. Hallur er að setja upp eldunaraðstöðu í bílnum en hefur fram að þessu bjargað sér með samlokum. Auk þess er honum boðið í mat inn til mömmu.

„Það verður hægt að elda hérna inni en ég er enn þá að smíða eldhúsið. Keypti skáp í IKEA og setti ryðfría stálplötu ofan á hann. Ég er með gaseldunargræju og pönnu og mun setja ryðfría plötu upp á vegginn líka. Kraftmikil vifta verður einnig sett upp svo það verði engin steikingarbræla í bílnum. Svo á ég safapressu, en það fylgja henni reyndar svo mikil þrif að það gæti orðið vesen. Verð frekar með lítinn blandara. Ég hef verið að ná mér í Subway og borða líka inni hjá mömmu. Til skrauts hengdi ég upp nokkur gerviblóm og langar í heilan frumskóg hérna inni. Búinn að setja upp gullkeðjur og glasahaldara sem hangir í keðju. Ég læt bara ráðast hvernig þetta kemur til með að líta út á endanum," segir Hallur. Hann búi einn í bílnum og geti haft sína hentisemi. „Ég gekk aldrei út," segir hann hlæjandi og bætir við að foreldrarnir séu ánægðir með þetta framtak hans. Sjálfur hefur hann fulla trú á að smáhýsi séu það sem koma skal.

„Ég kom meira að segja þeirri hugmynd á framfæri við Mosfellsbæ, að skaffa götu þar sem ungt fólk gæti reist sér smáhýsi. En bærinn var ekkert hrifinn, græðir líklega ekki neina peninga á því. En það er úrelt pæling að allir séu að kaupa sér 250 fermetra einbýlishús. Þetta einfaldar lífsstílinn og sparar líka helling af peningum. Ég er allavega orðinn mjög góður í að spara peninga," segir hann. Hugmyndin að bílnum hafi einmitt kviknað þegar hann ákvað fara betur með aurana.

„Ég ákvað bara að hætta að eyða peningum á barnum og gera eitthvað sniðugt við þá í staðinn. Nú er ég kominn með fínan bíl sem ég get búið í. Ég ætla að vera hérna í sumar og næsta vetur og svo fer ég bara að ferðast þegar allt verður tilbúið, skoða heiminn og svindla mér í skíðalyfturnar í Austurríki."

> **Ég ákvað bara að hætta að eyða peningum á barnum og gera eitthvað sniðugt við þá í staðinn. Nú er ég kominn með fínan bíl sem ég get búið í.**
>
> Hallur Ingi Hallsson



Hallur ætlar sér að ferðast um heiminn í bílnum þegar fram líða stundir.



Í bílnum hefur Hallur komið fyrir rúmi, ísskáp og eldunaraðstöðu.



Kírópraktorarnir, **Guðmundur Freyr Pálsson** og **Andri Roland Ford,** hafa hafið störf hjá Kírópraktorstofu Íslands.

Tímapantanir
í síma 527-2277

Sporthúsinu
Dalsmári 9-11
201 Kópavogur
www.kpi.is

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Hobby 540 kmfe Exellent nýsk mai 2017 rafgeymir, hleðsla, varadekk, sólarsella,gaskútur, fortjald,tilbúið í útilegu verð 3,980,000 kr skipti möguleg raðn, 122587



Hobby 560 UL Prestige nýsk. maí. 2017 Tvö aðskilin rúm, varadekk, rafgeymir, hleðsla, sella, fortjald, gaskútur tilbúinn í útileguna, verð 4,180,000 kr Skipti möguleg. Raðn 122589

**Ferðavagnamarkaður**
**Netasala,**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bíll.is
bestir í bílum...



NISSAN Qashqai glerþak 360 myndavél . Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.590.000. Rnr.270844.



JEEP Grand cherokee laredo 4x4. Árgerð 2007, ekinn 199 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. Rnr.260527.



SUZUKI Grand vitara dísel. Árgerð 2014, ekinn 103 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.390.000. Rnr.302027.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2015, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.302127.



FORD Fiesta eco boost. Árgerð 2017, ekinn 18 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.090.000. Rnr.250661.



HYUNDAI I20. Árgerð 2017, ekinn 0 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.270884.

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

bilfang.is
S.567 2000



**GOLFBÍLL**
Yamaha YDRE 48 volt Golfbíll (rafmagn) ver leikandi 36 holur á hleðslu, árg 2013 með húsi, verð aðeins 990 þús !!! Uppl veittar í síma 8972908

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



**SÁ FLOTTASTI**
PORSCHE Macan S diesel. Árgerð 2017, ekinn 3000 KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar.21" felgur Verð 10.900.000. Rnr.222605. Seljandi skoðar skipti.



**BESTA VERÐIÐ**
HYUNDAI Tucson premium. Árgerð 2015, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.790.000. Rnr.211884.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2014, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 5.980.000. Rnr.211862.



DODGE Durango citadel. Árgerð 2016, ekinn 17 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.480.000.Einn með öllu Rnr.115938.



POLARIS Sportsman x2 800. Árgerð 2007, ekinn 4 Þ.KM, bensín, . Verð 990.000. Rnr.212332.



YAMAHA Fjr1300a. Árgerð 2006, ekinn 19 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TilbosVerð 990.000. Rnr.212387.



COMBI CAMP Venezia quick. Árgerð 2006, ekinn -1 Þ.KM, ??, . Verð 690.000. Rnr.330722.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-MILLJ!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að millj. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '05, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Húsamálun**
**Alhliða málningarþjónusta.**
Litaverk ehf
Uppl. í s. 847 1628
& litaverk@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.




## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Iðnaður



Öll almen krabba og krana vinna s 773-8099 Robbi.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu


STIGA



Stiga Estate 7102 H
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




2 Laga Jaxon vöðlujakki með útöndun, góða vatnsheldni ,góða hettu ,stroff á ermun og flísklædda vasa. Lang besta verðið 15.900 kr. Veiðiportið Grandagarði 3 s.552-9940




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar






**9.6 fet lína 6 og 9 fet lína 8**
Fluguveiðisett frá Orvis með góða kasteiginleika, létt stöng og hjól
Orvis Encounter flugustöng
Orvis Encounter large arbor hjól með góðri bremsu
Orvis lína undirlína og taumur
Vesturröst
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is


# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu er einbýlishús 90m2 á einni hæð Í Kinnahverfi, 220 Hafnarfirði. 2 svefnherbergi, rúmgott baðherb.og stofa opin inní eldhús. Húsið leigist með eða án húsgagna Án húsgagna er leiguverð 200.000.- á mán. Leigutími frá 15.september 2017 í eitt ár. Umsóknir og upplýsingar um leigutaka sendist: brattakinn2018@gmail.com

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**
Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500


Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig
Umsækjendur, skráið ykkur á
www.talentradning.is



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
Sími: 552-1600


## Atvinna


SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í vinnu.

HANDAFL EHF
STARFSMANNAÞJÓNUSTA
s. 777 2 333

# Alls komu um 1.100 milljónir evra til landsins á grundvelli fjárfestingarleiðar Seðlabankans

■ Fjármagn á grundvelli fjárfestingarleiðarinnar í milljónum evra




## Félag Ólafs og Hjörleifs kom með tvo milljarða

Dótturfélag SMT Partners B.V., sem er í áttatíu prósenta eigu Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og tuttugu prósenta eigu Hjörleifs Jakobssonar fjárfestis, kom með tæplega tvo milljarða króna til landsins í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands í desember árið 2012. Fjármunirnir voru einkum nýttir til fjárfestinga í Samskipum og fasteignafélaginu Festingu, samkvæmt upplýsingum sem fengust frá Ólafi.



Miðað við núverandi gengi gæti félagið umrædda, Arius ehf., innleyst um 809 milljónir í gengishagnað, samkvæmt útreikningum Markaðarins, en fjármunirnir verða lausir til ráðstöfunar í desember á þessu ári. Árleg ávöxtun á þessu fimm ára tímabili yrði þá 13,7 prósent.

Um er að ræða eina hæstu einstöku fjárhæðina sem íslenskur fjárfestir kom með í einu lagi í gegnum fjárfestingarleiðina.

Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækjaskrá situr Róbert Aron Róbertsson í stjórn Arius og Heimir Sigurðsson í varastjórn félagsins, en þeir eru báðir nánir samstarfsmenn Ólafs og sitja í stjórnum fjölmargra félaga í hans eigu.

## Fyrirtæki og fjárfestar sem tóku þátt í fjárfestingarleiðinni

Með fjárfestingarleiðinni gátu eigendur erlends gjaldeyris fengið að kaupa krónur fyrir evrur á að jafnaði um tuttugu prósenta betra verði en hið opinbera gengi Seðlabanka Íslands sagði til um. Með leiðinni var reynt að laða erlent fjármagn inn í landið og hleypa um leið þeim eigendum aflandskróna sem vildu af landi brott.

| Fyrirtæki og fjárfestar | Upphæðir í milljónum króna |
|---|---|
| Íslensk erfðagreining / Kári Stefánsson | 9.267 |
| Bakkavararbræður | 5.150 |
| Jón S. von Tetzchner | 4.809 |
| Actavis | 3.201 |
| Samherji | 2.423 |
| Arius ehf. / Ólafur Ólafsson | 1.990 |
| Elkem | 1.794 |
| Norðurál | 1.506 |
| Húsasmiðjan | 1.421 |
| Arnar Þórisson og Þórir Kjartansson | 962 |
| Eimskip | 760 |
| Iceland Incoming ferðir / Benedikt Kristinsson | 718 |
| Nitur ehf. / Hilmar Þór Kristinsson | 661 |
| Skúli Mogensen | 655 |
| Hjörleifur Jakobsson | 613 |

| Fyrirtæki og fjárfestar | Upphæðir í milljónum króna |
|---|---|
| Iceland ProTravel / Guðmundur Kjartansson | 554 |
| Jón Ólafsson | 507 |
| Róbert Guðfinnsson | 473 |
| Kjartan Þór Þórðarson (Saga Film) | 408 |
| Jabb á Íslandi | 387 |
| Kristinn Aðalsteinsson | 369 |
| Pétur Stefánsson útgerðarmaður | 322 |
| Bjarni Ármannsson | 300 |
| Sigurður Arngrímsson | 290 |
| Aztiq Pharma / Róbert Wessman | 255 |
| Karl Wernersson | 240 |
| Þorsteinn Sverrisson | 215 |
| Heiðar Guðjónsson | 209 |
| Auðun Már Guðmundsson | 190 |

| Fyrirtæki og fjárfestar | Upphæðir í milljónum króna |
|---|---|
| Jónas Hagan Guðmundsson | 187 |
| Rudolph Lamprecht / Friðrik Pálsson | 183 |
| PWC | 173 |
| Björgvin S. Friðriksson | 161 |
| Iceland / Jóhannes í Bónus | 160 |
| Stafnar Invest / Ólafur Björn Ólafsson | 150 |
| Ármann Þorvaldsson | 141 |
| Jón Helgi í Byko | 139 |
| Guðmundur Ásgeirsson í Nesskip | 139 |
| Pétur Björnsson | 121 |
| Algalíf | 111 |
| Reykjavík Geothermal ehf. | 107 |
| **Samtals** | **42.421** |

að kaupa hlut í Hampiðjunni og Öryggismiðstöðinni, Karl Wernersson, sem flutti 240 milljónir til landsins til þess að kaupa fasteignir og auka hlutafé í Lyf og heilsu, Heiðar Guðjónsson, sem kom með 209 milljónir til þess að fjármagna ýmsar innviðafjárfestingar, og Skúli Mogensen, sem flutti hingað til lands 303 milljónir til þess að fjármagna auknar fjárfestingar sínar í meðal annars MP banka og WOW air.

### 31 milljarðs afsláttur

Fram kom í svari Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar, þingmanns Pírata, frá því fyrr í sumar að alls hafi 1.100 milljónir evra komið til landsins á grundvelli fjárfestingarleiðarinnar frá febrúar 2012 til febrúar 2015, þegar síðasta útboðið fór fram. Ef miðað er við núverandi gengi er gengishagnaður vegna umræddra fjárfestinga alls 75,7 milljarðar króna. Nemur gengismunurinn rúmum 638 milljónum evra. Þátttakendur í útboðunum fengu samtals um 31 milljarði króna hærra verð fyrir erlenda gjaldeyrinn en það verð sem öðrum bauðst.

Um 47 prósent af fjármagnsinnstreyminu, vegna fjárfestingarleiðarinnar, rann til kaupa á skuldabréfum, um 40 prósent til kaupa á hlutabréfum, 12 prósent til kaupa á fasteignum og tæplega eitt prósent til kaupa á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum.

Innlendir fjárfestar voru nokkuð áberandi í fjárfestingarleiðinni. Þeir stóðu til dæmis að baki 43 prósentum þeirrar fjárhæðar sem kom til landsins árið 2012 en erlendir fjárfestar 57 prósentum. Eru þá erlend félög í eigu innlendra aðila talin sem innlendir fjárfestar. Það er nokkuð á skjön við upphaflegan tilgang leiðarinnar, eins og hann var tíundaður í afnámsáætlun Seðlabanka Íslands frá því í marsmánuði árið 2011. Þar var markhópur leiðarinnar skilgreindur sem „erlendir aðilar sem hafa áform um fjárfestingu í íslensku atvinnulífi og vilja kaupa aflandskrónur til þess að auka arðsemi hennar“.

### Umdeild fjárfestingarleið

Eitt helsta bitbeinið í umræðum um fjárfestingarleiðina var hvort hún hvetti í raun og veru til aukinnar erlendrar fjárfestingar hér á landi eða hvort hún veitti aðeins fjárfestum, sem hefðu hvort sem er komið með fjármuni til landsins, ósanngjarnt forskot umfram keppinauta þeirra. Óumdeilt er að fjárfestingarleiðin skapaði aðstöðumun á milli fjárfesta. Eigendur erlends gjaldeyris gátu enda skipt honum í krónur á ríflegum afslætti og yfirboðið með þeim hætti í þær eignir sem voru til sölu.

Í þessu sambandi er þó mikilvægt að hafa í huga að það var ekki Seðlabankinn sem veitti umræddum fjárfestum afslátt af krónukaupum. Bankinn hafði eingöngu milligöngu í viðskiptum á milli fjárfestanna og þeirra aflandskrónueigenda sem voru reiðubúnir til þess að selja krónurnar sínar á afslætti og komast þannig af landi brott með gjaldeyri. Það voru því eigendur aflandskrónanna sem veittu afslátt á krónum, en hins vegar var það Seðlabankinn sem annaðist gjaldeyrisútboðin og átti heiðurinn af sjálfri leiðinni, ef svo má segja.

Á meðal þeirra kvaða sem fjárfestar þurftu að gangast undir var, eins og áður sagði, að fjárfesting þeirra yrði bundin hérlendis í fimm ár. Var það gert í því skyni að draga úr líkum á því að „spákaupmenn tækju þátt í útboðunum“, líkt og það var orðað í svari fjármálaráðherra, en slíkt hefði komið í veg fyrir að markmið stjórnvalda um aukinn stöðugleika næðist. Fjárfestarnir þurftu enn fremur að koma með jafn mikið af erlendum gjaldeyri og þeir skiptu á útboðsgengi í gegnum gjaldeyrismarkaðinn. Fengu þeir engan afslátt af þeirri fjárhæð. Þetta þýðir með öðrum orðum að helmingur þeirrar fjárhæðar sem þeir komu með til landsins var seldur á álandsgengi – opinbera genginu – og hinn helmingurinn á afsláttargenginu.

## Í hvað fóru peningarnir?




### Skatturinn rannsakar

Í svari fjármálaráðherra kom jafnframt fram að þátttakendur í útboðum fjárfestingarleiðarinnar hafi að meginhluta komið frá aðildarríkjum OECD. Hins vegar tóku sjö félög, í meirihlutaeigu Íslendinga, frá svæðum sem skilgreind eru sem lágskattasvæði þátt í einhverju af útboðunum. Komu þau félög með samtals 26 milljónir evra til landsins. Auk þess var greint frá því í svarinu að frá Lúxemborg, Kýpur og Möltu hafi tólf félög í meirihlutaeigu Íslendinga tekið þátt í fjárfestingarleiðinni með 82 milljónir evra.

Fram kom í fréttum Ríkisútvarpsins um síðustu helgi að 21 Íslendingur, sem nefndur er í Panamaskjölunum sem stjórnvöld keyptu fyrir tveimur árum, hafi nýtt sér fjárfestingarleiðina. Skattrannsóknarstjóri kallaði eftir upplýsingum frá Seðlabankanum um hverjir hefðu tekið þátt í fjárfestingarleiðinni, en með því að keyra þær upplýsingar saman við keyptu Panamaskjölin mátti finna nöfn 21 Íslendings.

Þá staðfesti ríkisskattstjóri að fjögur skattsvikamál, sem tengjast þeim sem fluttu fé til landsins í gegnum fjárfestingarleiðina, væru til sérstakrar skoðunar hjá embættinu. Málin hafa ekki enn verið til lykta leidd.

## Skotsilfur

### Tekur við BESTSELLER



Talsvert hefur verið um mannabreytingar í Kviku banka að undanförnu. Þannig hefur **Ívar Sigurjónsson**, sem hefur starfað í einkabankaþjónustu Kviku banka síðustu ár, verið ráðinn framkvæmdastjóri BESTSELLER á Íslandi en fyrirtækið rekur meðal annars verslanirnar Jack & Jones og Vero Moda. Á meðal eiganda BESTSELLER er Jónas Hagan Guðmundsson, varaformaður stjórnar Kviku. Þá er Nikulás Árni Sigfússon að taka til starfa í gjaldeyrismiðlun Kviku en hann var áður sérfræðingur í áhættustýringu hjá Íslandsbanka.

### Ríkið fær minna



Sú ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að heimila ekki kaup smásölurisans Haga á Lyfju þýðir væntanlega að íslenska ríkið, eigandi Lyfju, fái minna í sinn hlut þegar félagið verður loksins selt. Hagar buðu hærra verð en aðrir í apótekið, um 6,7 milljarða króna, sem margir töldu að væri fullhátt. Til marks um það var bent á að kaupverðið væri um nífóld EBITDA Lyfju í fyrra. Forsvarsmenn Haga, en **Finnur Árnason** er forstjóri félagsins, réttlættu þetta háa verð með því að benda á þeir gætu hagrætt verulega með sameinuðu félögunum. Efast má stórlega um að nokkur fjárfestir sé reiðubúinn til þess að greiða jafn hátt verð fyrir apótekið.

### Yfir eignastýringu Kviku banka?



Við brotthvarf Sigurðar Hannessonar sem framkvæmdastjóra eignastýringar Kviku losnar einn framkvæmdastjórastóll í bankanum. Fullyrt er að Marinó Örn Tryggvason, sem tekur við starfi aðstoðarforstjóra Kviku 1. ágúst næstkomandi, eigi ekki að verða eftirmaður Sigurðar en Marinó var áður aðstoðarframkvæmdastjóri eignastýringar Arion banka. Líklegast er talið að **Hannes Frímann Hrólfsson**, sem nú er forstjóri Virðingar, muni taka við eignastýringu Kviku um leið og sameining bankans og Virðingar gengur formlega í gegn síðar á þessu ári.

## Kínverska hagkerfið vex ört



Kínverska hagkerfið óx um 6,9 prósent á öðrum fjórðungi ársins sem er meiri vöxtur en stjórnvöld í landinu höfðu reiknað með. Hagvöxturinn mældist nákvæmlega sá sami á fyrsta ársfjórðungnum. Greinendur spá því þó að hægjast muni á hagkerfinu á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ekki spyrja tvístígandi hagfræðing um íslensku krónuna



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Hagfræðingur þarf ekki að eyða mörgum mínútum með hvaða Íslendingi sem er áður en hann er spurður um styrk íslensku krónunnar og hvort krónan muni halda áfram að styrkjast eða hvort hún muni brotlenda.

Og það er þá sem hagfræðingurinn verður versti hagfræðingurinn, „annars vegar og hins vegar“-hagfræðingur sem heldur því fram að gjaldmiðillinn geti farið í hvora áttina sem er.

Þetta er engu að síður tilfellið ef við þurfum að gera alvarlega greiningu á horfunum fyrir íslensku krónuna.

Hagfræðingar hugsa oft um „sannvirði“ eða „grunnvirði“ í tengslum við það sem hagfræðingar kalla jafnvirðisgengi (PPP). Samkvæmt kenningunni um jafnvirðisgengi ætti verðgildi gjaldmiðilsins að endurspegla vöruverð á Íslandi samanborið við verð sömu vara annars staðar í heiminum. Þetta hefur verið gert vinsælt með svokallaðri Big Mac-vísitölu þar sem sagt er að verðið á Bic Mac á Íslandi (að því gefnu að hægt sé að fá Big Mac á Íslandi) ætti að vera það sama og verðið á Big Mac í Kaupmannahöfn eða Berlín mælt í sama gjaldmiðli.

Almennari leið til að líta á þetta er að skoða svokallað vegið raungengi (REER) sem mælir verðgildi krónunnar gagnvart gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda Íslands og leiðrétta það eftir hlutfallsverði. Til að jafnvirðisgengis-kenningin haldi ætti vegið raungengi með tímanum alltaf að stefna að stöðugu stigi. Og það hefur einmitt verið tilfellið ef við lítum á verðgildi krónunnar yfir áratugi, en ekki frá ári til árs.

> Mikil eftirspurn innanlands hefur neytt Seðlabankann til að halda stýrivöxtum tiltölulega háum.

Ef við lítum á vegið raungengi fyrir Ísland á þessari stundu er krónan allt að 15-20 prósent ofmetin borið saman við sögulegt meðaltal fyrir krónuna.

Þýðir það að gengi krónunnar muni fljótlega falla? Nei, það er alls ekki gefið. Í fyrsta lagi getur raunvirði krónunnar aðlagast annaðhvort með falli á nafnvirði krónunnar eða með því að verðbólga sé lægri á Íslandi en í helstu viðskiptalöndum Íslands í langan tíma. Í öðru lagi, og það sem meira máli skiptir, verður krónan að vera ofmetin til að halda aftur af verðbólguþrýstingi vegna hinnar miklu aukningar á innlendri eftirspurn sem við höfum séð undanfarin ár.

Með öðrum orðum hefur Seðlabankinn þurft að halda stýrivöxtum hærri en annars hefði verið tilfellið til að tryggja að verðbólgan fari ekki upp fyrir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiðið til meðallangs tíma.

Það er út af þessu sem við erum á milli steins og sleggju varðandi krónuna. Mikil eftirspurn innanlands hefur neytt Seðlabankann til að halda stýrivöxtum tiltölulega háum (samanborið við annars staðar í heiminum) og þetta skýrir að hluta til af hverju krónan sætir nú óþarflega mikilli aðhaldsstefnu.

Hins vegar, ef neikvæður hnykkur yrði í íslenska hagkerfinu – til dæmis fækkun ferðamanna – þá gætu hlutirnir snarbreyst og krónan gæti veikst verulega. En þetta er ekki spádómur – þetta er uppstilling tvístígandi hagfræðings.

# Sumarið er tíminn

### Hin hliðin



Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar og FKA-félagskona

Sumarið er tíminn til að njóta og hlaða batteríin fyrir veturinn. Hér á eftir eru nokkrar leiðir til að hlúa að sjálfum okkur og þeim sem okkur þykir vænt um:

**Skerptu á skilningarvitunum**
Að gefa sér tíma til að nota skynfærin á meðvitaðan hátt hefur mikil áhrif en getur verið áskorun í heimi sem einkennist af miklum hraða. Hægðu á þér á meðan þú borðar grillmatinn á ferðalaginu og gefðu þér tíma til að virkilega finna lyktina og bragðið af rauðvíninu. Farðu í gegnum daginn án þess að flýta þér.

**Sökktu þér niður í augnablikið**
Reyndu að slökkva á hugsunum þínum og taka inn jákvæðar tilfinningar, t.d. þegar þú verður hugfangin(n) af náttúrufegurð landsins. Veltu fyrir þér jákvæðum upplifunum á stað og stund.

> Sumarið er tíminn til að njóta og hlaða batteríin fyrir veturinn.

**Þakkaðu fyrir**
Segðu ástvinum þínum hversu lánsamur/-söm þú ert að eiga þá að, eða gefðu þér tíma til að þakka fyrir matinn þinn. Rannsóknir sýna að það að tjá þakklæti upphátt getur gert okkur hamingjusamari.

**Taktu ljósmynd í huganum**
Staldraðu við í augnablik og vertu meðvitaður/-uð um þá hluti sem þú ætlar að muna seinna, eins og hlátur einhvers nákomins eða hjartnæmt augnablik milli tveggja fjölskyldumeðlima.

**Minntu þig á að tíminn flýgur**
Verðmæt augnablik líða fljótt og því er um að gera að njóta þeirra meðan á þeim stendur. Gefðu þér tíma til að virða fyrir þér það sem þú hefur afrekað og hvernig þú munt horfa til baka með fullt af góðum minningum.

**Brostu þínu blíðasta**
Mundu eftir að brosa, það gleður okkur sjálf og aðra, léttir lundina og hefur jákvæð áhrif á líkama og sál.

**Deildu góðum tilfinningum**
Segðu öðrum frá því þegar þú upplifir þakklætistilfinningu, hvort sem um er að ræða hlátur í góðra vina hópi eða fallegt náttúrulandslag. Rannsóknir á því hvernig fólk bregst við jákvæðum atburðum hafa sýnt að þeir sem deila jákvæðum tilfinningum með öðrum eru almennt hamingjusamari en þeir sem gera það ekki. Jafnvel hugsunin ein um að segja öðrum frá kemur okkur upp á hærra hamingjustig. Gleðilegt sumar!

2 MARAÞON NOW

AÐEINS 2.990 KR Á MÁNUÐI*

*Fylgir með völdum sjónvarpspökkum Stöðvar 2

2now.is

býður upp á
**stærsta safn íslensks sjónvarpsefnis**
sem völ er á

Horfðu á heilu þáttaraðirnar af íslensku sjónvarpsefni.




2now.is

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 19. júlí 2017
vísir www.visir.is
Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

# Ágústa Johnson í stjórn Bláa lónsins

Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar, og Steinar Helgason, sjóðstjóri hjá Landsbréfum, hafa sest í stjórn Bláa lónsins. Þau koma ný inn í stjórnina í stað Eðvards Júlíussonar, sem hefur verið í stjórn Bláa lónsins um árabil, og Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanns Lífeyrissjóðs verslunarmanna.

Ágústa á tæplega þriggja prósenta hlut í Bláa lóninu í gegnum Bogmanninn ehf. Sé litið til þess að tilboð sem hafa borist frá erlendum sjóðum í 30 prósenta hlut HS Orku í Bláa lónið, eins og greint var frá í Markaðnum í síðustu viku, verðleggja fyrirtækið á yfir 30 milljarða þá er hlutur Ágústu í dag því metinn á um milljarð króna.


Ágústa Johnson

Steinar situr í stjórn Bláa lónsins fyrir hönd framtakssjóðsins Horns II, sem er í rekstri Landsbréfa, en sjóðurinn á tæplega helmingshlut í Hvatningu sem er stærsti hluthafi Bláa lónsins með 39,1 prósent. – **hae**

16.07.2017

**Allir munu vilja gera fríverslunarsamning við fimmta stærsta efnahagsveldi heims og það skiptir máli fyrir Íslendinga og EFTA-ríki að njóta góðs af því.**

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Hvað er ráðandi?

**Samkeppniseftirlitið** komst að þeirri niðurstöðu í vikubyrjun að ógilda ætti samruna Haga og Lyfju. Virðist ákvörðunin einkum byggjast á því að samruninn myndi leiða til óæskilegrar samþjöppunar á hreinlætis- og snyrtivörumarkaði. Vissulega hlýtur að vera um ákveðið áfall að ræða fyrir Haga en félagið hefur verið að ganga í gegnum endurskipulagningarferli. Sameiningin hefði aukið breidd í rekstri og henni hefðu fylgt talsverð samlegðaráhrif.

**Bréf í Högum** gáfu eilítið eftir í kjölfar tíðindanna en þó ekki verulega. Skal kannski engan undra að áhrifin hafi ekki orðið meiri en bréf í Högum eru nú tæplega 30 prósentum undir síðasta verðmatsgengi. Það verðmat miðaði við óbreyttan rekstur – það er, gerði ekki ráð fyrir yfirtöku á Lyfju eða Olís. Jafnframt, ef lesið er milli línanna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, virðist mikil áhersla lögð á það að Lyfja og Hagar starfi nú þegar á sama markaði, einkum hreinlætis- og snyrtivörumarkaði. Slíku er ekki fyrir að fara í sama mæli hjá Högum og Olís og því hlýtur að vera líklegt að Samkeppniseftirlitið samþykki þann ráðahag.

**Hvað sem þeim** vangaveltum líður er það merkileg niðurstaða að Hagar séu markaðsráðandi, en að Costco sé á sama tíma skilgreindur sem lítill aðili á markaði. Í krafti þess getur Costco undirverðlagt til dæmis eldsneyti og aðrar vörur, en Hagar ekki. Með öðrum orðum – íslenska lággjaldaverslunin Bónus á að fara í boxhringinn gegn alþjóðlega verslunarrisanum Costco, en með aðra höndina fyrir aftan bak. Allt í boði Samkeppniseftirlitsins.

**Það hlýtur að vera** skökk niðurstaða. Costco er alþjóðlegur risi sem er um níutíu sinnum stærri að veltu heldur en Hagar. Fyrirtækið getur í krafti stærðar sinnar náð mun hagstæðari samningum við birgja en innlendir aðilar nokkru sinni. Costco gæti jafnframt fyrirhafnarlítið stundað taprekstur á Íslandi svo árum skipti án þess að það hefði veruleg áhrif á afkomu móðurfélagsins. Slíkt er illviðráðanlegt vopn ef stefnt er að markaðsráðandi stöðu.

**Ljóst er** að innlend fyrirtæki eru ekki líkleg til stórræða við slíkar aðstæður, og niðurstaðan getur vart orðið önnur en veruleg samþjöppun á markaði. Samkeppniseftirlitið virðist hins vegar líta einungis á okkar innlenda örmarkað, og ekki gera tilraun til að sjá stóra samhengið. Hættan hlýtur að vera sú að slíkt sé ekki farsælt til lengri tíma. Fákeppni er neytendum skaðleg, hvort sem það er af völdum innlendra eða erlendra kaupmanna.






# AKU SUPERALP GTX 32.900 kr.

**Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum**




Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

## KEEN SANDALAR

*FÆTUR OG TÆR ÖÐLAST NÝTT LÍF Í KEEN*

### KEEN Venice Women's

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar. Léttir en áreiðanlegir.
Venice sport sandalarnir frá KEEN fylgja þér hvert sem ævintýrið er.

Stærðir: (heil og hálf nr.) stærð 35-42

**15.990 kr.**



### KEEN Newport

Lokuð tá sem að vernda tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem að þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.

*Stærðir: (heil og hálf nr.) 40-48*

**15.990 kr.**



## Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins

**Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Krakkabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur**

Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega. Á stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.




Kestrel 38L göngupoki **28.990 kr.**



Ariel 65L Burðarbakpoki
**43.990 kr.**



Daylite Alhliða bakpoki
**9.990 kr.**



Momentum 26L
Hjólabakpoki
m/fartölvuhólfi
**19.990 kr.**



Farpoint 55L
Heimsreisubakpoki
**31.900 kr.**



Talon 33L
Léttur göngubakpoki
**21.990 kr.**



Duro
Hlaupavesti
**17.990 kr.**




# GG•sport

Smiðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópavogi
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"

## Merkisatburðir

**1255** Bardagi var háður á Þveráreyrum í Eyjafirði, Þverárfundur. Þar áttust við hundruð manna og á annan tug manna féll, þeirra á meðal Eyjólfur ofsi Þorsteinsson.

**1627** Tyrkjaráninu lauk. Ræningjar frá Algeirsborg héldu heim á leið eftir að hafa numið á brott allt að fjögur hundruð manns, myrt fjórutíu og rænt miklum fjármunum.

**1813** Gengið var á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk í Öræfajökli, í fyrsta sinn. Það gerði Hans Frisak, norskur landmælingamaður, og fylgdarmaður hans, Jón Árnason hreppstjóri.

**1953** Minnisvarði um Stephan G. Stephansson skáld var afhjúpaður við hátíðlega athöfn við Arnarstapa í Vatnsskarði í Skagafirði en þá voru um hundrað ár frá fæðingu hans.



**1968 Jónas Jónsson frá Hriflu** lést 83 ára. Hann var lengi skólastjóri Samvinnuskólans, alþingismaður í rúman aldarfjórðung, dómsmálaráðherra 1927-32 og formaður Framsóknarflokksins 1934-44. Jónas skrifaði mikið um sagnfræði og stjórnmál.

# Fyrsta platan komin út eftir fimm ára starfsemi

**Hljómsveitin Milkhouse var að gefa út sína fyrstu breiðskífu. Bandið hefur verið starfandi í fimm ár þrátt fyrir frekar ungan aldur hljómsveitarmeðlima en þau eru öll fædd árið 1996. Nýja platan ber heitið Painted Mirrors og fjallar um samskipti og sambönd.**

Milkhouse samanstendur af þeim Victori Karli Magnússyni, Auðuni Orra Sigurvinssyni, Andrési Þór Þorvarðarsyni, Katrínu Helgu Ólafsdóttur og Sævari Andra Sigurðarsyni. „Hljómsveitin Milkhouse var stofnuð vorið 2012. Meðlimir hennar voru þá í 10. bekk en þekktust fyrir, þar sem þau voru nemendur í grunnskólum í Hafnarfirði og öll í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar," segir Victor spurður út í hljómsveitina sem hann er meðlimur í.

„Rætur tónsmíðanna liggja í djassi en nýir áhrifavaldur og aukin reynsla hefur fært tónlistina einhvert allt annað. Erfitt er að máta hana við tiltekna tónlistarstefnu en e.t.v. mætti staðsetja hana á vegamótum lista-rokks og draumapopps. Áhrifavaldarnir eru margir, enda meðlimirnir fimm," segir Victor um Milkhouse sem var valin Hljómsveit fólksins á úrslitakvöldi Músíktilrauna 2014.

Í síðustu viku gaf bandið út sína fyrstu breiðskífu sem ber heitið Painted Mirrors. „Painted Mirrors er tólf laga plata. Lögin eru mörg hver ólík en þrátt fyrir það er heildarsvipur á plötunni; eitthvert samhengi sem situr eftir. Lögin fjalla um mannleg samskipti og sambönd: sambönd vina, fjölskyldna og elskhuga. Enn fremur fjalla þau um hvernig við sem einstaklingar smíðum eigin sjálfsmynd eftir því hvaða sambönd við kjósum að rækta eða ekki. Titill plötunnar vísar að einhverju leyti í það. Einstaklingurinn reynir eftir bestu getu að mála eða skapa spegilmynd sína, en er þó ávallt berskjaldaður fyrir því hvernig samfélagið sér hann," útskýrir Victor.

### Gífurleg vinna að baki

Aðspurður hvernig hafi gengið að vinna þessa fyrstu plötu hljómsveitarinnar segir Victor: „Það gekk vel. Vinnan sem liggur að baki er gífurleg, en sú vinna var bæði gefandi og skemmtileg. Ætlunin var að vinna þetta af mikilli vandvirkni og það tókst, einkum vegna frábærra samstarfsfélaga, en þeir Gestur Sveinsson og Tómas Guðmundsson stýrðu upptökum og eftirvinnslu. Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir hannaði plötuumslagið og Agnar Freyr Stefánsson sá um umbrotið, og vorum við afar ánægð með útkomuna. Afmynduð brjóstmynd prýðir umslagið, en manneskjan er sett saman úr andlitum allra hljómsveitarmeðlima og vísar aftur að einhverju leyti í titil plötunnar," útskýrir Victor. Hann segir þau öll í hljómsveitinni vera mjög stolt af afurðinni. „Ég er sérlega stoltur af þeirri staðreynd að allir aðstandendur plötunnar eru ungir. Hljómsveitin, upptökustjórar, grafískir listamenn, við erum öll um tvítugt. Grósku er bersýnilega að finna í íslensku listalífi, ef þú spyrð mig."

Til viðbótar við plötuútgáfuna sendi hljómsveitin líka frá sér tónlistarmyndband við lagið Say My Name. „Tónlistarmyndbandið við Say My Name var frumsýnt í síðustu viku, þegar platan kom út. Myndbandið segir sögu tveggja einstaklinga, en sjón er sögu ríkari," segir Victor sem hvetur áhugasama til að horfa á myndbandið á YouTube.

Hvað er svo fram undan?

„Við höldum útgáfutónleika í Iðnó á föstudaginn þar sem hópur tónlistarmanna mun spila með okkur. Miðar eru til sölu á Tix.is og í Iðnó. Svo eru fleiri tónlistarmyndbönd væntanleg á næstu vikum og mánuðum."

gudnyhronn@365.is



**Milkhouse var stofnuð þegar meðlimir voru í 10. bekk.** MYND/BOLLI MAGNÚSSON

> **Ég er sérlega stoltur af þeirri staðreynd að allir aðstandendur plötunnar eru ungir.**

---



Maðurinn minn,

**Axel Sigurðsson**

Miðleiti 7, Reykjavík,

lést á heimili sínu 3. júlí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Inda Dan Benjamínsdóttir**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Guðrún Stefánsdóttir**

Dalbraut 20,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Vífilsstöðum þann 14. júlí. Útför hennar fer fram frá Laugarneskirkju mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Þóra Ólafsdóttir**
**Stefán Ólafsson** — **Ingunn Magnúsdóttir**
**Kolbrún Ólafsdóttir** — **Magnús Sigurðsson**
**Sigrún Ólafsdóttir** — **Fjalar Kristjánsson**
**Sólrún Ólafsdóttir** — **Gunnar Sigmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Hjartanlegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför okkar ástkæra

**Ingibjörns Guðjónssonar**

líffræðings,
Sílakvísl 17, Reykjavík.

Stuðningur ykkar hefur verið okkur mjög dýrmætur styrkur. Sérstaklega vildum við færa Eysteini Orra Gunnarssyni sjúkrahúspresti þakkir fyrir ómetanlega aðstoð.

**Eydís Þórunn Guðmundsdóttir**
**Baltasar Jón Ingibjörnsson**
**Þorlákur Flóki Ingibjörnsson**

**Guðjón Atli Auðunsson** — **Guðbjörg Jórunn Sigurjónsd.**
**Auður Guðjónsdóttir** — **Brynjar Pétursson Young**
**Júlía Sif Guðjónsdóttir**
**Erla Hlöðversdóttir** — **Guðmundur Jónsson**
**Ingibjörg Þorbergsdóttir**
**Eyrún María Guðmundsd.** — **Gunnar Már Gestsson**
**Guðrún Dúna Guðmundsd.** — **Einþór Þorsteinsson**
**Bjarki Guðmundsson**
**Þórunn Jónsdóttir**
**Guðríður Jónsdóttir**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**Halldór Þórðarson**

Litla-Fljóti,

verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 14.00. Jarðsett verður á Torfastöðum. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveit Biskupstungna eða Lauf, félag flogaveikra.

**Jóhannes, Tyrfingur, Björg, Kristín, Einar og fjölskyldur.**

---



Okkar innilegustu þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elsku sonar okkar og bróður,

**Óðins Einarssonar**

og sérstakar þakkir til Sverris Einarssonar, besta vinar Óðins.

**Einar Ingvarsson**
**Sigrún Rosenberg**
**Ingvar Einarsson**
**Katarína Einarsdóttir**

---



Ástkæri sonur okkar,

**Guðni Baldursson**

Grandavegi 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 8. júlí 2017. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á HIV Ísland (áður Alnæmissamtökin), kt. 541288-1129, bankanr. 0513-26-603485.

**Baldur H. Aspar** — **Þóra Guðnadóttir**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Þórhallsson**

bókbindari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 8. júlí. Útför hans fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 21. júlí kl. 13.

**Magnea Guðmundsdóttir** — **Kjartan Ólafsson**
**Guðjón Guðmundsson** — **Elísabet Sigurðardóttir**
**Rannveig S. Guðmundsdóttir** — **Þorgrímur Guðmundsson**
**Þórhallur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# VIÐ VÆRUM LÖNGU HÆTT AÐ SENDA FJÖLPÓST EF HANN VIRKAÐI EKKI



*„Með fjölpósti er hægt að koma skýrum skilaboðum til viðskiptavina með einföldum og áhrifaríkum hætti.
Við hjá BYKO höfum notast við fjölpóst í fjölbreyttri mynd í markaðsstarfi okkar í gegnum tíðina með afar góðum árangri.“*

***- Árni Reynir Alfreðsson, markaðsstjóri BYKO***



*„ELKO blaðinu er dreift vikulega á öll heimili landsins og er eitt mest lesna blað landsins. Fjölpóstur er hornsteinninn í okkar kynningarstarfi og þar af leiðandi mikilvægt fyrir okkur að geta treyst á örugga og trausta þjónustu Póstdreifingar.“*

***- Bragi Þór Antoníusson, markaðssjóri ELKO***



*„Fjölpóstur hefur verið afar árangursrík leið fyrir okkur hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar í okkar markaðsstarfi síðustu 12 árin og er í raun hornsteinn þess. Þekking og þjónusta starfsmanna Póstdreifingar hefur verið lykillinn að því að nýta takmarkað fjármagn til markaðsstarfs með markvissum hætti og ná miklum árangri.“*

***- Gunnar Ingi Björnsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Mosfellsbæjar***



*„Apótek Lyfju eru um land allt og fjölpóstur virkar vel til þess að koma upplýsingum um tilboð og nýjungar til okkar viðskiptavina.“*

***- Íris Gunnarsdóttir, markaðsstjóri Lyfju***

Fjölpóstur er áhrifarík og persónuleg auglýsingaleið fyrir fyrirtæki sem vilja ná til fólks með vöru eða þjónustu.

Við dreifum snemma á morgnana inn á 80.000 heimili, sex daga vikunnar, þar á meðal á laugardögum.

Hafðu samband og við skilum þinni auglýsingu á réttan stað.

**Sími 585 8300 | www.postdreifing.is**

Póst dreifing

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Allhvöss austanátt með talsverðri rigningu um landið suðaustanvert í dag, en hægari vindur og úrkomulítið norðan og norðvestan til. Hiti 8 til 20 stig, hlýjast norðanlands.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° ↓ 2 | 15° ↓ 4 | 17° ↖ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° ↖ 8 | 12° ← 8 | 13° → 2 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° ↘ 4 | 14° ↓ 4 | 20° ↖ 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 16° ↙ 5 | 11° ← 8 | 18° ↙ 4 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. nauðsyn
6. í röð
8. arinn
9. keyra
11. drykkur
12. úræð
14. málum
16. hvað
17. siða
18. hylli
20. golf áhald
21. málmur

**LÓÐRÉTT**
1. jurt
3. mannþyrping
4. sífellt
5. tæki
7. blandast
10. væta
13. tæra
15. korn
16. rámur
19. nesoddi



**LÁRÉTT:** 2. möst, 6. rs, 8. stó, 9. aka, 11. öl, 12. sogæð, 14. litum, 16. ha, 17. aga, 18. ást, 20. ti, 21. stál. **LÓÐRÉTT:** 1. gras, 3. ös, 4. stöðugt, 5. tól, 7. skolast, 10. agi, 13. æta, 15. mais, 16. hás, 19. tá.

## Skák Gunnar Björnsson

Gurvic átti leik gegn Pampin árið 1976.
**Hvítur á leik**
**1. Dxd8+! Kxd8 2. 0-0-0+! Ke7 3. Rxb5 1-0.** Teflt er í Dortmund þessa dagana og gengur á ýmsu.

**www.skak.is:** Allt um hraðskákmeistaramótið í Vín.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman


















**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| DUNKIRK | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 - 7 | L |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10:20 | 14 |
| THE HOUSE | KL. 8 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL. 5 - 10 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 2:50 - 4:20 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 8 - 10:50 | 12 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9:20 - 10:20 | 12 |
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 5 - 7:45 - 10:35 | 12 |
| THE HOUSE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10 | 14 |
| THE HOUSE | KL. 8 | 16 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:10 - 10:40 | 12 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10:30 | 14 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| BAYWATCH | KL. 8 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 4:50 - 7:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| PLANET OF THE APES 2D | KL. 10:20 | 12 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 | L |
| SPIDER-MAN 2D | KL. 7:40 | 12 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | L |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

**19. JÚLÍ 2017**

## Uppákomur

**Hvað?** Sumarkvöld í Skálholti
**Hvar?** Skálholt
**Hvenær?** 20.00
Skálholtsdómkirkja og Skálholtsstaður geyma ýmis listaverk og þau verða umfjöllunarefnið á næsta sumarkvöldi í Skálholti. Þar ætlar Hildur Hákonardóttir listakona með meiru að vera með leiðsögn. Þekktustu verkin eru altaristafla Nínu Tryggvadóttur og steindu gluggarnir eftir Gerði Helgadóttur en kirkjan sjálf og þær sem á undan henni voru verða einnig til umfjöllunar og hin umdeilda Þorláksbúð í samhengi við aðrar byggingar. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Frír jógatími
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Midgard Adventure Base Camp
Tíminn hentar öllum, byrjendum líka. Það kostar ekkert að taka þátt. Ef þú átt dýnu komdu þá endilega með hana – annars eigum við nokkrar aukadýnur. Tíminn fer fram í Midgard Adventure Base Camp, Dufþaksbraut 14, Hvolsvelli.



Það verður nóg um að vera í dag fyrir jógaáhugafólk. NORDICPHOTOS/GETTY

**Hvað?** Gönguferð, Snússa Tæpistígur Álfaskeið, Langholtsfjall, Snússa
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hrunamannahreppur
Lagt verður af stað í gönguna frá Golfskálanum Snússu og gengið göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilega göngu á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekkta samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Golfskálanum í Snússu. Ganga sem tekur um það bil 2-3 klukkustundir.

**Hvað?** Þjálfun í vatni
**Hvenær?** 09.30
**Hvar?** Sundlaug Kópavogs
Allir sem hafa áhuga á að auka hreysti með því að æfa utandyra eru hvattir til að mæta.

**Hvað?** KakóRó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Oddsson Hostel
Haldið í jógasal Oddsson Hostels, Hringbraut 121. Þar verður drukkið 100% hreint kakó frá Gvatemala og líkami, hugur og sál róuð með hugleiðslu, öndunaræfingum, tónlist og slökun. Engin reynsla af hugleiðslu er nauðsynleg til að taka þátt. KakóRó kostar 3.500 krónur. Einungis 12 pláss eru í boði og því nauðsynlegt að kaupa miða fyrirfram á tix.is.

**Hvað?** Outdoor Yoga in Klambratún
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Klambratún
75 mínútna vinyasa-tími kenndur á ensku á Klambratúni. Allir velkomnir, það eina sem þarf er jógadýna, teppi eða handklæði.

**Hvað?** Litli sirkus
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Klambratún
Sirkus Íslands er í fullu fjöri í sirkustjaldinu Jöklu á Klambratúni. Í dag verður barnasýningin Litli sirkus sýnd.

## Tónlist

**Hvað?** Orgeltónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Vídalínskirkja í Garðabæ
Tónleikar á vegum Skapandi sumarstarfa í Garðabæ. Kjartan Jósefsson Ognibene mun leika einleiksverk á orgel en hann hefur stundað nám við Tónskóla þjóðkirkjunnar síðan 2015 og lauk þaðan kirkjuorganistaprófi nú í vor. Á tónleikunum fær hann til liðs við sig söngkonuna Bryndísi Evu Erlingsdóttur, og er ætlunin að tvinna saman einleiksverk og sálmasöng á efnisskrá sem er fjölbreytt og spannar næstum því 200 ára tímabil tónlistarsögunnar. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað:** Partíkarókí með Þórunni Antoníu og DJ Dóru Júlíu
**Hvenær:** 21.00
**Hvar:** Sæta svínið
Diskódívan Þórunn Antonía stjórnar partíkarókíi ásamt DJ Dóru Júlíu í kjallaranum á Sæta svíninu Gastropub. Þær sameina þar ást sína á tónlist, gleði og almennu glensi. Allir sem syngja fá skemmtilega lukkupakka.



100% hreint kakó frá Gvatemala verður í aðalhlutverki í jógasal Oddsson. NORDICPHOTOS/GETTY

**Hvað?** Daníel Hjálmtýsson & Árni Vil
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Skúli, Craft Bar
Lifandi tónlist í boði Daníels Hjálmtýssonar en Daníel spilar og syngur öll miðvikudagskvöld í sumar á Skúla Craft Bar ásamt góðum gestum. Sérstakur gestur kvöldsins er hinn óviðjafnanlegi Árni Vil og mun hann leika frumsamið efni í bland við annað spennandi. Frítt inn.

**Hvað?** Einar Jóhannesson og Douglas A. Brotchie á Alþjóðlegu orgelsumri
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Einar Jóhannesson klarinettleikari og Douglas A. Brotchie orgelleikari flytja spennandi og fjölbreytta tónlist eftir J.S. Bach, Jónas Tómasson, Otto Olsson og G. Tartini. Það er einstök upplifun að heyra klarinett og stórfenglega orgelið leika saman í yndislegum hljómburði Hallgrímskirkju. Miðar fást á midi.is tveimur klukkustundum fyrir tónleika.





Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn




Ludovico Einaudi píanisti.

# Klisjur sem virkuðu

**TÓNLIST**

**Popptónleikar**

★★★★☆

**Ludovico Einaudi lék eigin tónlist ásamt fimm manna hljómsveit.**

**Eldborg í Hörpu**

mánudaginn 17. júlí

Einfaldleikinn var í fyrirrúmi á tónleikum Ludovico Einaudi í Eldborg í Hörpu á mánudagskvöldið. Hann spilaði sjálfur á píanó, en með honum voru fimm hljóðfæraleikarar. Tónlistin samanstóð af innhverfum hendingum, en inn á milli voru hápunktar sífelldra endurtekninga. Rólega píanóspilið var frekar væmið, en hápunktarnir yfirþyrmandi. Útkoman var ódýr, hún var eins og leikari sem kann bara að sýna tvenn svipbrigði. Tónlistin var endalaus klisja, þar var fátt sem hefur ekki heyrst hundrað sinnum áður. Það var enginn frumleiki, engin spennandi úrvinnsla, engin framvinda, lítið sem raunverulega gerðist annað en effektar.

Þetta eru slæmu fréttirnar. Góðu fréttirnar eru að tónlist þarf ekkert endilega að vera frumleg. Stundum á ostborgari ekki að vera neitt annað en ostborgari. Tónlistin, þó hún hafi verið væmin, var fallega leikin og prýðilega útsett. Einaudi sýndi að vísu aldrei nein meistaraleg tilþrif við píanóið, en hann lék af mýkt og tónarnir voru fagurlega mótaðir. Hinir hljóðfæraleikararnir spiluðu líka af fagmennsku. Þeir léku m.a. á fiðlu og selló og það hljómaði ákaflega vel. Strengjaleikurinn gaf tónlistinni munúðarfullt andrúmsloft.

Útsetningarnar voru einnig góðar. Þær voru fjölbreyttar, hvert hljóðfæri var notað til hins ýtrasta. Þarna voru strengjaflaututónar ofarlega á tónsviðinu, seiðandi tölvuhljómar, mjög djúpar bassatrommur og alls konar annað slagverk. Á einum tímapunkti var meira að segja leikið á lítið þrumuspjald sem dýft var í fiskabúr. Það framkallaði óljósar drunur, eins og af sjávarbotni.

Hið sjónræna var auk þess fallegt. Hljómsveitin spilaði í myrkri, en á tjaldið fyrir ofan var varpað heillandi grafík. Þetta voru ýmiss konar mynstur og litbrigði sem breyttust lag frá lagi. Það skapaði viðeigandi umgjörð, lyfti tónlistinni, léði henni vængi.

Einaudi hefur samið töluvert af tónlist fyrir kvikmyndir, þ. á m. hina frönsku The Intouchables, og það heyrðist. Í kvikmyndum gengur sjaldan að hafa flókna músík, því þá stelur hún athyglinni frá því sem er að gerast. Framvindan, sem er svo mikilvæg í klassískri tónlist, er ekki í kvikmyndatónlistinni, hún er í kvikmyndinni sjálfri. Hlutverk tónlistarinnar er að magna upp atburðarásina, búa til rétta andrúmsloftið hverju sinni. Á tónleikunum var slík stemning framkölluð aftur og aftur. Það var nánast hægt að sjá kvikmyndasenurnar fyrir sér.

Þrátt fyrir að tónlistin hafi í sjálfri sér verið afar klisjukennd, var a.m.k. mikil einlægni í henni. Einaudi spilaði greinilega frá hjartanu, og það hreyfði við áheyrendum. Tónleikarnir stóðu yfir í rúma tvo klukkutíma án hlés, en manni leiddist aldrei. Flutningurinn var það glæsilegur, tónleikarnir svo vandaðir að það var ekki hægt annað en að dást að.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Mínímalísk tónlist, væmin og klisjukennd en snyrtilega sett fram; flutningurinn var magnaður og útsetningarnar flottar.





Skiptu um lit!

Með iGreen umgjörðum getur þú útbúið þá litasamsetningu sem þú vilt.

Frábært verð á glerjum
Einfókus gler
Verð frá kr. 16.900,-
Margskipt gler
Verð frá kr. 41.900,-

EYES LAND gler augu

Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð · sími 510 0110 · www.eyesland.is




„Ég kynntist Vestur-Íslendingnum Ragnari Stefánssyni í háskólanum 1962. Hann gaf mér kortin með ensku örnefnunum sem trúnaðarmál. En nú hefur banninu verið aflétt," segir Guðlaugur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Skólavörðuholt var Skipton Hill

**Pimple Hill og Handle Ridge eru meðal fjölmargra örnefna á höfuðborgarsvæðinu sem hernámsliðin bjuggu til og merktu inn á kort. Guðlaugur R. Guðmundsson sagnfræðingur veit allt um þau.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Arfur seinni heimsstyrjaldar í örnefnum á höfuðborgarsvæðinu nefnist grein í nýútkomnu hefti ritsins Orð og tunga sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur út. Greinin er eftir Guðlaug Rúnar Guðmundsson sagnfræðing. Þar fjallar hann um ensk heiti á höfuðborgarsvæðinu sem breski og bandaríski herinn skráði á kort og notaði í skjölum og mæltu máli. Þegar Guðlaugur komst yfir þau kort fyrst, í upphafi 7. áratugarins, hvíldi yfir þeim leynd sem nú hefur verið aflétt.

„Sum íslensk nöfn gátu hermennirnir notað eins og Grótta, Viðey og Kársnes, sem þeir nefndu Grotta, Vidhey og Korsnes. En Skólavörðuholt var þeim álíka mikill tungubrjótur og Eyjafjallajökull varð mörgum þegar hann gaus, svo holtið skírðu þeir Skipton Hill og kampinn Camp Skipton," nefnir Guðlaugur sem dæmi.

Sjálfur bjó Guðlaugur nærri Skólavörðuholtinu meðan Camp Skipton var þar og kveðst hafa sótt dálítið þangað inn. „Þar voru litlar flugvélar með þýskum merkjum, svona hálfur metri á lengd, úr hörðu gúmmíi, þeim var stillt upp og hermennirnir skutu á þær. Við strákarnir reyndum að ná þessum skutlum og ég átti lengi tvær," rifjar hann upp. „Þá voru krakkar úti allan daginn og þvældust um, við fórum alveg vestur í Kamp Knox sem var þar sem Vesturbæjarlaug er nú. Þetta var ævintýralegt líf og Kanarnir voru ekkert að stugga við okkur krökkunum, gáfu okkur frekar tyggjó."

En að örnefnunum. Gamli Bústaðavegur heitir á kortum hersins Edward Road. Hann lá að gatnamótum sem Bretar nefndu Piccadilly Circus og er þar sem Bústaðavegur mætir nú Grensásvegi – Harley Street. Sogavegur hét Tower Hill Road.

„Erlendu örnefnin náðu aldrei fótfestu, þótt þau væru mikið notuð, sérstaklega eftir að Bandaríkjamenn komu því þeir voru með svo mikla tækni í sambandi við loftmyndir og gerðu góð kort. Þeir notuðu mörg af örnefnunum sem Bretarnir höfðu gefið stöðum, hverfum og vegum og voru öll frá Englandi. Skírðu þó suma staði upp og voru hrifnari af nöfnum sem tengdust hershöfðingjum og hetjum úr ameríska hernum. Það sem ég minnist á í greininni er bara örlítill hluti af þessum nöfnum, því kamparnir á landinu voru yfir 300 þegar þeir voru flestir, þar af 80 á Reykjavíkursvæðinu og hermennirnir voru tæplega 40 þúsund þegar þeir voru flestir."

Guðlaugur telur íslenska málverndarsinna hafa látið þessi erlendu örnefni óátalin. „Þeir Íslendingar sem fengust við skipulag og fleira í tengslum við herinn þekktu þessi nöfn en það voru líka íslensk nöfn á öllum kömpunum sem Íslendingar notuðu sín á milli en erlendu nöfnin í samskiptum við hermennina svo enginn misskilningur skapaðist í tengslum við starfsemina. Sérstaklega var það mikilvægt í sambandi við götur og aðrar leiðir milli staða ef innrás hefði verið gerð. Erlendu nöfnin hurfu ótrúlega fljótt úr máli manna eftir að herinn fór. Það kom meðal annars til af því að Íslendingar voru svo nýkomnir á mölina og héldu sinni menningu en voru kannski ekkert svo sleipir í ensku. Það síðrof sem varð á þessum hernámstíma varð ekki eins áberandi í þessum efnum og mörgum öðrum."

# FRÉTTABLAÐIÐ Sumarleikur







## Viltu vinna Fiat Tipo?



**Sendu okkur mynd af þinni stund með Fréttablaðinu.**

Vertu með í sumarleik Fréttablaðsins þar sem þú átt möguleika á stórglæsilegum vinningum. Aðalvinningurinn er glæsilegur Fiat Tipo sem dreginn verður út 11.ágúst, fram að því eru dregnir út veglegir aukavinningar vikulega.



### Það er einfalt að taka þátt

1. Taktu mynd af þinni stund með Fréttablaðinu.
2. Farðu inn á **frettabladid.is/sumarleikur** og sendu okkur myndina þína.



Taktu þátt á frettabladid.is/sumarleikur




DORMA




**THE BOLD TYPE**
Þær eru flottar og með tískuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet og allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna sem og að finna ástina sjálfum sér til handa. Skvísuþættir af allra bestu gerð!

**MAGNAÐ**
MIÐVIKUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
Stórskemmtilegir og hressilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



**THE NIGHT SHIFT**
Fjórða sería þessara spennandi læknaþátta sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.




**QUEEN SUGAR**
Magnaðir þættir um líf þriggja afar ólíkra systkina sem taka við fjölskyldufyrirtækinu í hjarta Louisiana. Fljótlega fer að hrikta í stoðum þess og ekki er allt sem sýnist.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



BÍÓ
**PITCH PERFECT 2**
Skemmtileg gamanmynd þar sem söngsveitin skemmtilega The Barden Bellas er mætt aftur á svæðið í sama stuðinu og í fyrri mynd.



3
**ÖRIR ÍSLENDINGAR**
Vandaður þáttur þar sem Lóa Pind kynnist dansara, rafvirkja, sjónvarpskonu og háskólanema sem öll eru nýgreind með ADHD.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Heiða**
**07.50 The Middle**
**08.15 Mindy Project**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.05 Um land allt**
**11.45 Léttir sprettir**
**12.05 Heilsugengið**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kjarnakonur**
**13.25 The Night Shift**
**14.10 Major Crimes**
**14.55 Schitt's Creek**
**15.20 Hart of Dixie**
**16.05 Hollywood Hillbillies**
**16.30 The Simpsons**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen** Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinsælustu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa óviðjafnanlegt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda sem sitja heima í stofu.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Jamie's 15 Minute Meals**
**19.55 The Middle**
**20.20 The Bold Type**
**21.05 The Night Shift**
**21.50 Queen Sugar**
**22.35 Orange is the New Black**
**23.30 NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**00.15 Fearless**
**01.05 Animal Kingdom** Mögnuð glæpasería sem fjallar um ungan mann sem flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr. Þar lendir hann inn í vægast sagt vafasöm mál þar sem fjölskyldustarfsemin er ekki öll þar sem hún er séð.
**01.55 Brestir**
**02.25 Nashville** Þriðja sería þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk og fjallar um kántrí-söngkonunar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
**03.05 Nashville**
**03.50 NCIS: New Orleans**
**04.30 Covert Affairs**
**05.15 The Middle**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.35 Wigan Athletic - Liverpool**
**09.15 Sumarmótin 2017**
**09.50 Leicester City - West Bromwich Albion**
**12.05 1 á 1**
**12.20 Liverpool - Crystal Palace**
**14.30 Pepsi-deild kk - Víkingur R.-Valur**
**16.15 AC Milan - Borussia Dortmund**
**17.55 Bayern München - Arsenal**
**19.40 Goðsagnir efstu deildar**
**20.30 Liverpool - Crystal Palace**
**22.15 Leicester City - West Bromwich Albion**
**00.00 AS Roma - Paris St. Germain**

### STÖÐ 3

**17.20 Raising Hope**
**17.45 The New Girl**
**18.05 Community**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.25 Hindurvitni**
**19.55 Lóa Pind: Örir íslendingar**
**20.45 Man Seeking Woman**
**21.05 Cold Case**
**21.50 Supernatural**
**22.35 American Horror Story: Roanoke**
**23.20 Modern Family**
**23.40 Curb Your Enthusiasm**
**00.10 Hindurvitni**
**00.40 Lóa Pind. Örir íslendingar**
**01.25 Man Seeking Woman**
**01.45 Cold Case**
**02.30 Supernatural**
**03.10 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveinsson**
**07.49 Lalli**
**07.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Lína langsokkur**
**08.25 Hvellur keppnisbíll**
**08.37 Ævintýraferðin**
**08.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**09.00 Víkingurinn Viggó**
**09.11 Zigby**
**09.25 Stóri og Litli**
**09.38 Skógardýrið Húgó**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveinsson**
**11.49 Lalli**
**11.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Lína langsokkur**
**12.25 Hvellur keppnisbíll**
**12.37 Ævintýraferðin**
**12.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**13.00 Víkingurinn Viggó**
**13.11 Zigby**
**13.25 Stóri og Litli**
**13.38 Skógardýrið Húgó**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveinsson**
**15.49 Lalli**
**15.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Lína langsokkur**
**16.25 Hvellur keppnisbíll**
**16.37 Ævintýraferðin**
**16.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**17.00 Víkingurinn Viggó**
**17.11 Zigby**
**17.25 Stóri og Litli**
**17.39 Brunabílarnir**
**18.00 Könnuðurinn Dóra**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**19.00 Rasmus fer á flakk**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 John Deere Classic**
**11.00 Golfing World 2017**
**11.50 John Deere Classic**
**14.50 Scottish Open 2017**
**17.50 Golfing World 2017**
**18.40 Champions Tour Highlights 2017**
**19.35 The Open Official Film 2016**
**21.00 US Women's Open 2017**

### BÍÓSTÖÐIN

**11.55 Just Married**
**13.30 Tootsie**
**15.25 Hello, My Name Is Doris**
**16.55 Just Married**
**18.30 Tootsie** Skemmtileg Óskarsverðlaunamynd með Dustin Hoffman í aðalhlutverki en hann leikur atvinnulausan leikara sem þykir erfiður í samskiptum og dulbýr sig sem konu til að fá hlutverk í sápuóperu. Dorsey finnur sig vel í hlutverkinu og verður smátt og smátt þessi kona sem hann leikur, og heillar konur um allt land og hvetur þær til að losna undan oki manna og verða meira eins og hún.
**20.25 Hello, My Name Is Doris**
**22.00 Pitch Perfect 2**
**23.55 The Social Network** Haustið 2003 settist háskólaneminn Mark Zuckerberg við tölvuna sína og byrjaði að vinna að nýrri hugmynd. Hugmyndin óx í höndunum á honum og úr varð alheimssamfélagsmiðillinn Facebook. En velgengnin hefur líka í för með sér persónuleg og lögfræðileg vandamál og lífið er ekki endilega dans á rósum. Með aðalhlutverk fara Jesse Eisenberg, Justin Timberlake og Andrew Garfield
**01.55 Finders Keepers**
**03.25 Pitch Perfect 2**

### RÚV

**15.20 Eldhugar íþróttanna**
**15.50 Spánn - Portúgal**
**18.00 Fréttir**
**18.10 Veður**
**18.15 England - Skotland**
**20.55 Víkingalottó**
**21.00 Lukka**
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Veðurfréttir**
**22.25 Golfið**
**22.55 Skömm**
**23.20 Fyrri heimstyrjöld: Á misskilningi byggð?**
**00.10 Dagskrárlok (191)**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Crazy Ex-Girlfriend**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 The Great Indoors**
**14.40 Royal Pains**
**15.25 Making History**
**15.50 Pitch**
**16.35 King of Queens**
**17.00 Younger**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Late Late Show with James Corden**
**19.50 American Housewife**
**20.15 Remedy**
**21.00 Imposters**
**21.45 Bull**
**22.30 Sex & Drugs & Rock & Roll**
**23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.40 The Late Late Show with James Corden**
**00.20 Deadwood**
**01.05 Chicago Med**
**01.50 How To Get Away with Murder**
**02.35 MacGyver**
**03.20 Better Things**
**03.50 Imposters**
**04.35 Bull**
**05.20 Sex & Drugs & Rock & Roll**
**05.50 Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


OUTLET
50-80%
afsláttur af tjöldum & útilegubúnaði
MIKIÐ ÚRVAL
AF ÚTIVISTAR-
FATNAÐI OG
ANNARRI
FERÐAVÖRU
KOMDU
OG
GERÐU
GÓÐ
KAUP
Tjöld
Tjalddýnur
Svefnpokar
Bakpokar
Útilegubúnaður
Gönguskór
Regngallar
Sundfatnaður
Sólgleraugu
... og margt fleira
ICEWEAR
ICEWEAR
Allar flíspeysur 4990-
Allar úlpur 9990.-
Allar útivistarbuxur 4990.-
Allir vettlingar 990.-
Allar húfur 990.-
Allar barnaflíspeysur 2990.-
OUTLET
OUTLET
FÁKAFEN 9
ICEWEAR
ICELAND
LAUGAVEGUR 91
KJALLARI

# Í sínu fínasta pússi á frumsýningu



Fyrirsætan Kendall Jenner klæddist töff kjól frá Carmen March.

Söng- og leikkonan Rihanna var flott í kjól frá Giambattista Valli.

Cara Delevingne klæddist nútímalegri hönnun frá Iris van Herpen. NORDICPHOTOS/GETTY

Rihanna, Kendall Jenner og Cara Delevingne voru í sínu fínasta pússi á mánudaginn þegar kvikmyndin Valerian and the City of a Thousand Planets var frumsýnd. Þess má geta að Rihanna og Cara leika í þeirri mynd ásamt Ethan Hawke, John Goodman og fleiri stórleikurum undir leikstjórn Luc Besson.



Svartur samfestingur varð fyrir valinu hjá leikkonunni Töru Reid.



Rússneska fyrirsætan Sasha Luss mætti hvítklædd.



Poppy Delevingne, stóra systir Cõru, klæddist samfestingi frá Zuhair Murad.



Hin franska Aymeline Valade var flott í dragt.

Ertu að leita að svefnplássi?

Tjaldaðu þá á toppnum 😉

- Stærð innanmál - 140x200cm
- Svefnpláss fyrir 2-3 fullorðna
- Fjarstýrður rafmagnsupphalari

Verð kr. 328.700-



Upplýsingar í síma 8966614 / 8433230 eða á foxonroute@foxonroute.com
Hægt að sjá nánari lýsingar á www.foxonroute.net


Allt fyrir gönguferðina
Vango Banshee 200
5000mm vatnsheldni
Verð 30.995,-
Hilleberg Nallo 2GT
3000mm vatnsheldni
Verð 145.995,-
Vango Pulsar 200
5000mm vatnsheldni
Verð 39.995,-
Vango Tempest 200
5000mm vatnsheldni
Verð 33.995,-
Mammut Kompakt MTI 3-season
Verð 23.995,-
Mammut Creon Pro 30L
Verð 23.995,-
Mammut Softskin 3,8
Verð 13.995,-
Mammut Aconcagua Pro ML
Verð 19.995,-
Mammut T-Trail
Verð 4.795,-
Húfur og vettlingar
í miklu úrvali
Vango Pottasett 2 manna
Verð 4.995,-
Vango Hitabrúsi 500ml
Verð 2.495,-
Mammut Trovat High GTX
Verð 34.995,-
Vango Pico XL
Verð 7.995,-
Primus Eta Lite
Verð 17.995,-
Mammut Base Jump SO
Verð 22.995,-
MAMMUT
PRIMUS
OR OUTDOOR RESEARCH
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
TERNUA
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

# Skilyrði fyrir hlaupavinina að vera með góðan húmor

**Parið Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba, og Karl Sigurðsson ætla að hlaupa 10 kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu í ágúst til styrktar vini sínum, leikaranum Stefáni Karli Stefánssyni sem glímir við krabbamein. Þau hafa stofnað hlaupahópinn Vinir Stefáns Karls.**


Tobba og Kalli ætla að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu fyrir Stefán Karl. Þau eru stödd á Ítalíu núna en láta það ekki stoppa hlaupaundirbúninginn.

Þorbjörg Marinósdóttir, Karl Sigurðsson og ljósmyndarinn Íris Ann skipa hlaupahópinn Vinir Stefáns Karls, en hópurinn ætlar að hlaupa í Reykjavíkurmaraþoninu í næsta mánuði og safna fyrir vin sinn, leikarann Stefán Karl, sem greindist með gallgangakrabbamein haustið 2016.

„Við erum þrjú í hópnum núna en það eru fleiri að bætast við, Sigvaldi Kaldalóns útvarpsmaður og Þóra Sigurðardóttir fjölmiðlakona ætla til dæmis að vera með,“ segir Tobba. „Og við tökum glöð á móti fleiri hlaupurum. Við höfum bara eina reglu: það þurfa allir að hafa mikinn húmor og hlýtt hjarta, og þá má fólk hlaupa með.“

Stefán er svo lífsglaður og dásamlegur maður, hann segir alltaf: „Ég er ekki með krabbamein í húmornum,“ og við ætlum að hlaupa með þetta viðhorf að leiðarljósi. Við ætlum bara að hafa þetta skemmtilegt. Allir geta verið með, jafnvel þó að fólk kunni ekki að hlaupa. Ef það kann að hafa gaman þá er það nóg því það fara bara allir á sínum hraða.“

Upphæðin sem hlaupahópurinn nær að safna mun skiptast jafnt milli Stefáns Karls og Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Tobba segir veikindi Stefáns setja stórt fjárhagslegt strik í reikninginn hjá honum og fjölskyldu hans. „Fólk áttar sig kannski ekki endilega á því en þegar fólk veikist svona eins og Stefán þá fara gjarnan allar tekjur heimilisins í veikindin. Og það er ekki gott að vera með áhyggjur af peningum ofan á allt hitt.“

Stefán Karl á afmæli 10. júlí og Tobba segir hugmyndina á bak við hlaupið hafa kviknað þegar afmælisdagurinn hans nálgaðist. „Þá fórum við að hugsa hvað við gætum gefið honum. Svo ákvað ég að í staðinn fyrir að hlussa í afmælisköku þá myndi ég bara hlussa mér áfram í Reykjavíkurmaraþoninu og búa til peninga í leiðinni. Honum finnst það miklu fyndnara.“

> **ÉG HEF OFT VERIÐ Í BETRA HLAUPAFORMI, EN ÞAÐ SKIPTIR ENGU MÁLI. MARKMIÐIÐ ER BARA AÐ KLÁRA ÞETTA OG GERA EITTHVAÐ GOTT Í LEIÐINNI.**

**Setja engin tímamet**

Tobba og Kalli eru stödd á Ítalíu þessa stundina og eru byrjuð að æfa sig fyrir hlaupið. „Já, við höfum verið að hlaupa og hjóla hérna úti. Ég hef oft verið í betra hlaupaformi, en það skiptir engu máli. Markmiðið er bara að klára þetta og gera eitthvað gott í leiðinni. Við erum ekkert að fara að setja nein tímamet, en við höfum alveg hlaupið oft áður og Kalli er fínasti hlaupari,“ útskýrir Tobba.

Spurð út í hvort hún sé búin að segja Stefáni Karli frá hlaupagjörningunum segir Tobba: „Já, hann veit af þessu og Steinunn Ólína, konan hans, líka. Steinunn, sem er góð vinkona mín, var ofboðslega þakklát og hrærð. Og áður en ég fór til Ítalíu þá kvaddi hún mig með þessum orðum: „Mundu að pasta er djöfullinn,“ þannig að hún vill greinilega ekki að ég hlaupi í spik hérna úti. Hún vill að ég hlaupi áfram fyrir Stefán,“ segir Tobba og hlær.

Að lokum hvetur Tobba áhugasama til að leggja verkefninu lið með því að styrkja hópinn í gegnum www.hlaupastyrkur.is. „Við erum bara þakklát fyrir allt sem kemur. Og ég veit að Stefán og fjölskylda kunna að meta stuðninginn.“

„Maður vill hjálpa í þessum erfiðu aðstæðum en það er kannski takmarkað sem maður getur gert. Þannig að við þurfum mikið á því að halda að fólk styrki okkur og líka að fólk hlaupi með okkur. Ég elska þau sjúklega mikið,“ segir Tobba klökk. „Og það skiptir mestu máli að þau finni fyrir stuðningi.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*













jeep.is

# ALVÖRU JEPPI MEÐ HÁU OG LÁGU DRIFI
# 250 HÖ DÍSEL 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
# GERÐU VERÐSAMANBURÐ




## JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 8.990.000*

*Jeep Grand Cherokee Laredo dísel 250hö, 8 gíra sjálfskiptur, Quatratrac II fjórhjóladrif með lágu drifi, 18" álfelgur, Led+Xenon framljós, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, hiti í sætum, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin framsæti, stillanleg aftursæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, regnskynjari, aðgerðarstýri, raddstýrt útvarp o.mfl.

# ALVÖRU JEPPI
# DÍSEL 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR
# KOMDU OG REYNSLUAKTU




## JEEP® CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 6.690.000*

*Jeep Cherokee Longitude 2.2 dísel 185 hö (Limited 200 hö) 9 gíra sjálfskiptur, Select Terrain drif með fjórum stillingum og Jeep Active drive (Limited útgáfan með lágu drifi), 17" álfelgur, Led dagljós og afturljós, aftursæti á sleða til að stækka farangursrými, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, leðurstýri og gírhnúður, aðgerðarstýri, hraðastillir o.m.fl. Longitude Luxury aukalega með rafdrifnum upphituðum leðursætum og bakkmyndavél, kr. 6.990.000.

Jeep®

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Kristínar Ólafsdóttur



# Íslenskt tíðarfar

Stundum skil ég ekki hvernig landnámsmönnum og -konum datt í hug að setjast hér að. Á Íslandi. Á einhverri alveg bagalega staðsettri eyju þar sem heilu sumrin þjóta hjá við ellefu gráður á selsíus. En heitir pottar hafa samt aldrei selst jafn vel og einmitt núna, nema þá kannski rétt fyrir hrun.

Ég verð svo reið þegar illa viðrar. Ég verð brjáluð út í veðurfræðingana og finnst þeir skulda mér að minnsta kosti einn sólardag en svo er eins og veðurfræðingunum vaxi bara ásmegin og þeir þrykkja í mig stormviðvörun. Um miðjan júlí. Og Íslendingar eru sem fyrr kraftsturlaðir í risapakkningar af dóti og raðirnar hlykkjast um Costco, veggja á milli, eins og ægilöng, kaupóð margfætla.

Það er líka eitthvað alveg sérstaklega ömurlegt við það að berjast upp Bankastrætið um hásumar og finna hvernig lárétt rigningin rekur manni hvern löðrunginn á fætur öðrum. Og svo er ekki einu sinni hægt að spenna upp regnhlíf eins og í öllum siðmenntuðum löndum. Útundan sér heyrir maður unga fjárfesta skála í gullkampavíni á Petersen-svítunni og í staðinn fyrir „skál“ segja þeir „Gamma Capital Management“.

Grátt brimið krafsar í svarta fjöruna og hugurinn leitar á litríkari slóðir. Hlýrri slóðir. Túristi yfirgefur heittempraða beltið sjálfviljugur til að heimsækja grámygluna og greiðir 1.190 krónur fyrir rúnstykki.

Íslensk sumur halda áfram að valda vonbrigðum, nema kannski ef til vill á Egilsstöðum – krónískri veðursældarútópíu – og íslensk saga heldur áfram að endurtaka sig. Stormviðvörun í júlí. Efnahagshrun í október. Það er þetta séríslenska tíðarfar, einhvern veginn.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland







*Verð miðast við WOW Basic aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.

BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS